



Leikskólinn Sólhvörf
Snemmtæk íhlutun í málörvun

Handbók





Efnisyfirlit

1. Formáli.....	5
2. Snemmtæk íhlutun í málörvun - þróunarverkefni í leikskólum Kópavogs.....	6
3. Hvernig er unnið með læsi í leikskóla?.....	7
3.1 Stefna Kópavogsbæjar um mál og lestur í leik- og grunnskólum	8
3.2 Stefna Sólhvarfa um málþroska og læsi	8
4. Málþroski barna.....	10
4.1 Snemmtæk íhlutun í málörvun og undirbúningur fyrir lestur	10
4.2 Málörvun ungra tví- eða fjöltyngdra barna	12
5. Móttaka barna í leikskólanum Sólhvörfum	14
5.1 Móttökusamtal	14
5.2 Þátttökuaðlögun	14
6. Leikskólastarfið.....	16
6.1 Hugsmíðahyggja.....	16
6.2 Bangsinn Blær	16
6.3 Samverustundir.....	17
6.4 Bínureglurnar	18
6.5 Myndrænt skipulag.....	18
6.6 Flæði	19
Sumarskólinn.....	19
6.7 Ritmál sýnilegt	20
6.8 Flokkun málörvunarefnis	21
6.9 PMTO	22
7. Málörvun	23
7.1 Foreldrasamvinna	23
7.2 Lestur á hverjum degi	24
7.3 Í dagsins önn	25
7.4 Lubbi finnur málbein.....	26
Málörvun með Lubba.....	27
7.5 Orðaforðalisti.....	28



Veggspjöld.....	28
7.6 Leyniherbergið	29
7.7 Bókabíó	29
7.8 Nálganir í sérkennslu	30
7.8.1 Tákn með tali (TMT)	30
7.8.2 TEACCH.....	31
8. Mat á námi og þroska.....	32
8.1 EFI-2	32
8.2 HLJÓM-2.....	33
8.3 TRAS	33
9. Viðbrögð við frávikum	34
9.1 Smábarnalistinn og Íslenski þroskalistinn.....	35
9.2 Orðaskil	36
9.3 AEPS	36
10. Lokaorð/ávinningur	37
Heimildaskrá.....	38
Fylgiskjöl/viðaukar.....	41
1.Móttökusamtal	42
2. Þátttökuaðlögun	45
3. Samverustund	46
4. Flokkun málörvunarefnisins.....	47
5. Leyniherbergið	49
6. Heilsugæslan	50
7. Efi-2 málþroskapróf.....	51
8. Hljóm- 2.....	51
9. Skilablað til foreldra vegna Hljóm-2.....	53
10. Upplýsingar fyrir foreldra vegna Hljóm-2	55
11. Tras verkefnakassi	57
12. Tras- skráningarform.....	61
13. Minnisblað vegna Tras fyrir starfsfólk.....	65
14. Útskýringar á málörvunarefni	66
15. Sýnishorn af einstaklingsnámskrá.....	69



16. Hugmyndabanki fyrir málörvun tvítyngdra barna	76
17. Hagnýt úrræði	88



1. Formáli

Leikskólinn Sólhvörf var tekinn í notkun árið 2005 og var einkarekinn þar til Kópavogsbær tók við rekstrinum 2008. Hann er staðsettur í Vatnsendahverfi í Kópavogi og þar starfa í kringum 35 starfsmenn. Í leikskólanum geta dvalið 120 börn samtímis á 6 deildum. Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla nr. 90/2008 og tekur öll starfsemin mið af Aðalnámskrá um leikskóla eins og lög gera ráð fyrir. Leikskólinn er einn af leikskólum Kópavogs og sér menntasvið Kópavogs um eftirlit með fag og rekstralegum þáttum. Einnig þiggjum við sérfræðipjónustu þaðan þegar við á.

Leikskólinn starfar eftir áherslum Hugsmíðahyggunnar og gildi hans eru virðing, sjálfræði og virkni. Í leikskólanum komum við til mótis við barnið í sinni eigin þekkingarleit og virkjum sjálfsprottna forvitni, áhuga og gleði.

Skólaárið 2015-2016 hófum við markvissa vinnu með málörvunarefnið „Lubbi finnur málbein“. Þetta málörvunarefni myndaði þann ramma sem okkur vantaði til þess að halda betur utan um málörvunina sem á sér stað í leikskólanum. Í framhaldinu bauðst okkur að taka þátt í þróunarverkefni hjá Kópavogsbæ, skólaárið 2016-2017 sem hlaut nafnið „Læsi er meira en stafastaut“. Verkefnið gekk vel og fór vel með þeirri vinnu sem við vorum í, á innleiðingu flæðis í starfið.

Leikskólinn Sólhvörf var einn af fjórum leikskólum í Kópavogi sem fengu tækifæri til að taka þátt í fyrsta hluta þróunarverkefnisins um Snemmtæka íhlutun í málörvun árið 2017. Verkefnið var gott framhald af þeirri vinnu sem nú þegar hafði verið unnin því það samræmir, skerpir á og dýpkar þær starfsaðferðir sem notaðar eru í leikskólanum.

Margir starfsmenn tóku þátt í verkefninu og lögðu sitt af mörkum við greiningu á þörf, uppbyggingu handbókar og efnistöku. Handbókin er bæði fræðileg umfjöllum um málproska barna, snemmtæka íhlutun í málörvun leikskólabarna og lýsingar á því hvernig unnið er að málörvun í Sólhvörfum. Vinnan við handbókina var krefjandi þar sem greina þurfti mikilvægi og forgangs röðun þess sem snýr að snemmtækri íhlutun í málörvun ásamt því að búa til verkferla fyrir fyrsta viðtal, málproskafrávik, móttöku tvítyngdra barna og fleira. Allt málörvunarefnið, spil og fleira hefur verið flokkað og eykur það aðgengi og notkun þess.

Við viljum þakka Maríönnu Einarsdóttur og Margréti Samúelsdóttur frá menntasviði Kópavogsbæjar fyrir stuðning og hlýju, Ásthildi fyrir ráðgjöf og ábendingar. Einnig þökkum við öllum starfsmönnum Sólhvarfa kærlega fyrir viljann og jákvæðnina í tengslum við þetta verkefni sem og önnur.



2. Snemmtæk íhlutun í málörvun - þróunarverkefni í leikskólum Kópavogs

Vorið 2015 skrifuðu bæjarstjóri Kópavogs, fulltrúi foreldra í Kópavogi og menntamálaráðherra undir þjóðarsáttmála um læsi þar sem menntamálayfirvöld og sveitarfélagið einsetja sér að bæta læsi barna í Kópavogi. Til að mæta þessu markmiði var ákveðið að hrinda af stað þróunarverkefni í leikskólum Kópavogs undir yfirskriftinni „Snemmtæk íhlutun í málörvun“. Þátttakendur voru til að byrja með fjórir leikskólar og var Sólhvörf þar á meðal. Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur var fengin til að stýra verkefninu sem náði til tveggja ára. Meginmarkmið verkefnisins er að **öll börn í leikskólum Kópavogs nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal, boðskipti og læsi.**

Hugmyndafræði um *snemmtæka íhlutun* er lögð til grundvallar í verkefninu og áhersla lögð á að hvert barn fái íhlutun og kennslu við hæfi. Unnið er í anda *heildstæðrar skólastefnu* þar sem lagt er upp með að skólaganga barna myndi samfellda heild; að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á síðari skólastigum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Mikilvægustu samstarfsaðilar leikskólanna í þessu verkefni eru foreldrar, þar sem þeirra hlutverk í máluppeldi barnanna vegur þungt þegar kemur að þróun góðs málþroska.

Allir leikskólar á Íslandi starfa eftir aðalnámskrá leikskóla en hér á eftir verður byrjað á því að varpa ljósi á það hvernig fjallað er um málþroska og læsi í námskránni. Farið verður yfir stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur í leik- og grunnskólum og þá stefnu sem leikskólinn Sólhvörf hefur sett sér varðandi málþroska og læsi. Því næst er fræðilegur kafli um málþroska barna. Þar er leitast við að varpa ljósi á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar í málörvun og þá er fjallað sérstaklega um málþroska tví- og fjöltýngdra barna. Í kjölfarið er kafli um þá þætti sem einkenna leikskólastarf Sólhvarfa. Í lokin er fjallað um þær leiðir sem starfsfólk leikskólans leggur áherslu á varðandi eflingu málþroskans og undirbúning fyrir lestur. Í viðaukum má svo finna ýmiss konar stuðningsefni, svo sem verkferla, eyðublöð, gátlista og hugmyndir að úrræðum.

3. Hvernig er unnið með læsi í leikskóla?

Leikskólinn er fyrsta skólastigið á Íslandi og þar hefja langflest börn sína skólagöngu. Í leikskóla er mikilvægur grunnur lagður að þroska barna sem allt annað nám byggir á (Signý Einarsdóttir, 2001). Í leikskólum er litið á leikinn sem helstu náms- og þroskaleið ungra barna. Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) segir: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta“. Í aðalnámskrá leikskóla (2011) er tekið í sama streng og mikilvægi leiksins undirstrikað: „Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, 37).



Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að ung börn læra best í gegnum leik. Engin athöfn sem stýrt er af fullorðnum er talin hafa sömu áhrif á nám barna og leikurinn. Einnig hefur verið sýnt fram á að leikur styður við þróun læsis og gegnir þannig mikilvægu hlutverki í málörvun og lestrarnámi barna í leikskólastarfi (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2011). Leikurinn býður upp á ótal möguleika til málnotkunar en þykjustu- og hlutverkaleikir eru þeir leikir sem hafa hvað mest áhrif á málþroska og boðskiptahæfni barna. Í gegnum leikinn læra þau ný orð og hugtök og tjá hugsanir sínar og tilfinningar í samskiptum við önnur börn (Signý Einarsdóttir, 2001). Rannsóknir hafa einnig leitt í ljós að málþroski barna sem leika sér mikið er betri en þeirra sem leika sér minna, enn fremur er félagsfærni þeirra meiri og þau hafa meira ímyndunarafli (Miller og Almon, 2009).

Í leikskólum er ekki um að ræða beina lestrarkennslu líkt og í grunnskóla heldur er lagður grunnur sem auðveldar börnum að lesa síðar meir. Í aðalnámskrá leikskóla (2011) er læsi einn af sex grunnþáttum menntunar. Þar segir að læsi hafi löngum verið tengt við þá kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur (ritað) og skilið prentaðan texta (lesið). Með tímanum hafi hugmyndir manna um hugtakið hins vegar breyst enda hafi fræðafólk í ýmsum greinum varpað á það ljósi með rannsóknum sínum. Í dag er talað um læsi í víðum skilningi. Læsi í leikskóla felur þannig í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt og er því mikilvægur þáttur samskipta og félagsfærni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



3.1 Stefna Kópavogsbæjar um mál og lestur í leik- og grunnskólum

Í kjölfar undirritunar þjóðarsáttmála um læsi, markaði Kópavogsbær sér stefnu um mál og lestur fyrir leik- og grunnskóla bæjarins. Framkvæmd stefnunnar byggir á að allt skólasamfélagið í Kópavogi taki höndum saman um að efla málþroska barna og styrkja getu og leikni þeirra í lestri og lesskilningi. Rík áhersla er lögð á þátttöku foreldra í skólastarfi, stuðning við kennara og samvinnu við stofnanir og félagasamtök, s.s. bókasöfn, listasöfn, félagsmiðstöðvar og íþróttafélög.

Í stefnunni segir:

Mál og lestrarhæfni er viðfangsefni allra barna og mikilvægt samfélagslegt verkefni. Börn fá í vöggugjöf hæfileikann til þess að læra mál. Hversu vel hann nýtist fer eftir því hversu mikla og fjölbreytta málörvun þau fá í uppvexti sínum. Snemmtæk íhlutun er forsenda þess að efla börn á fyrstu stigum læsinnáms og koma þannig í veg fyrir námserfiðleika og neikvæða upplifun af skólagöngu seinna meir (Kópavogur, 2016).

Samkvæmt stefnunni (2016) er rík áhersla lögð á að koma til móts við börn með annað móðurmál en íslensku og börn sem hafa dvalið langdvölum erlendis. Í stefnunni er lögð áhersla á fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir sem stuðla að jákvæðu viðhorfi til lesturs, aukinni færni í lestri og gagnrýnnar túlkunar. Enn fremur þarf að gefa börnum tækifæri til að tjá sig á margvíslegan hátt með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Markmið þessarar vinnu er að við lok grunnskóla árið 2020 geti 90% nemenda í Kópavogi lesið sér til gagns og áhugi þeirra á lestri hafi aukist frá því sem nú er.

3.2 Stefna Sólhvarfa um málþroska og læsi

Sérhver leik- og grunnskóli hefur sín sérkenni og mótar eigin aðferðir til þess að ná markmiðum í stefnu Kópavogsbæjar. Lagt er upp með að allir skólar marki sér stefnu um málþroska, lestur og lesskilning í samræmi við aðalnámskrá og stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur.

Leiðarljós í starfsháttum leikskólans Sólhvarfa er að skapa fjölbreyttar og skapandi leikaðstæður sem hvetja börnin til að leika sér með málið og ýta undir áhuga þeirra á læsi.

Boðskipti og tjáning eru mikilvægir þættir í samskiptum og er því lögð áhersla á að veita börnunum tækifæri til að tjá sig í daglegum aðstæðum og kenna þeim viðeigandi boðskiptareglur.

Ritmál er sýnilegt í leikumhverfi barnanna og ríkulegt og fjölbreytt mál er notað í leik og við daglegar aðstæður.



Viðurkenndum matstækjum og skimunum er beitt til að meta þroskaframvindu barnanna. Á grundvelli útkomu þeirra er snemmtækri íhlutun beitt og hún einstaklingsmiðuð hverju sinni. Málörvunarstundir eru skráðar og árangur metinn reglulega.

Rík áhersla er á góða samvinnu við foreldra í eflingu málþroska barna sinna. Foreldrar eru hvattir til að lesa fyrir börnin sín og eru upplýstir um mikilvægi þeirra hlutverks við að undirbúa barnið undir allt nám.

4. Málþroski barna

4.1 Snemmtæk íhlutun í málörvun og undirbúningur fyrir lestur

Málþroski er stór hluti af almennum þroska hvers barns. Þegar máltaka er eðlileg fylgir hún oftast ákveðnu ferli, eitt leiðir af öðru og málþroskinn eykst jafnt og þétt án vandkvæða. Reikna má með að nokkur hópur barna eigi í einhverjum erfiðleikum með að fylgja jafnöldrum sínum í máltökunni og geta ýmsar ástæður legið þar að baki (Þóra Sæunn Úlfadóttir, 2010). Ef ekki er gripið inn í með markvissum hætti geta börn með málþroskafrávik átt á hættu að glíma við lestrarvanda í framtíðinni. Eins er líklegt að bilið milli þeirra og jafnaldra aukist jafnt og þétt með tímanum.

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna er hægt að hafa áhrif á þroskaframvindu barna og undirbúning fyrir nám með markvissum inngripum sem hefjast snemma á lífsleiðinni (Weitszman og Greenberg, 2002; Tryggvi Sigurðsson, 2006). Hugtakið *snemmtæk íhlutun* (e. early intervention) vísar til aðgerða sem gripið er til í lífi barns frá fæðingu til u.þ.b. sex ára aldurs. Lögð er áhersla á markvissar aðgerðir svo hægt sé að hafa sem mest áhrif á þroskaframvindu barns eins snemma á lífsleiðinni og unnt er (Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, e.d.). Heilastarfsemin hjá ungum börnum er ekki fullmótuð og börn eru næmari fyrir íhlutun á yngri árum. Þetta þýðir að því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind, er hægt að draga úr eða jafnvel koma í veg fyrir námserfiðleika síðar á lífsleiðinni. Snemmtæk íhlutun í málörvun felst í því að byrja nógu snemma að greina málþroskafrávik. Besti árangur næst þegar þjálfun er markviss og því er mikilvægt að afla góðra upplýsinga um barnið og skilgreina vel hvaða málþætti þarf að vinna með.

Góður málskilningur og orðaforði er forsenda góðs lesskilnings og velgengni í skóla (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010; Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir, 2010). Málskilningur er háþrúð færni sem byggir á heyrnar- og sjónskyni. Þegar börn læra að lesa þurfa þau að geta byggt á ákveðnum grunni til að geta gert sér í hugarlund aðstæður sem þau lesa um. Börn með málþroskafrávik eiga oft erfitt með að þekkja tilfinningar, skilja tengsl orsakar og afleiðingar, sem getur haft áhrif á að geta túlkað lestexta síðar á ævinni. Þá getur þetta haft áhrif á færni við að búa til skema sem er mikilvægt fyrir mál- og lesskilning (Brinton og Fujiki, 2006; Westby, 2006). Þessi grunnur er lagður hjá ungum börnum í gegnum leik. Í leiknum búa þau til skema sem er eins konar innra handrit og er geymt í minni. Það sýnir tengsl hluta og þekkingu tengda atburðum, aðstæðum, hlutum og texta (Singh og Kent, 2000). Táknrænn leikur og ímyndun sem þróast í hlutverkaleik byggir upp skema fyrir málskilning (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010). Í ljósi þessa skiptir sköpum að vinna markvisst í gegnum leikaðstæður og leyfa börnum að uppgötva málið í gegnum skemmtilega málörvun sem er útfærð í gegnum leik og viðhöfð í daglegum aðstæðum í leikskólanum.

Seinkun á leikþroska og orðaforða getur verið fyrsta vísbending um lestrarerfiðleika. Þau börn sem hafa góðan orðaforða hafa forskot þegar kemur að lestrarferlinu, vegna þess að þau hafa



fleiri orðmyndir. Hægt er að kortleggja virkan orðaforða hjá börnum með því að leggja fyrir orðaforðagátlista og þroskalista sem meta mál ungra barna (Elín Þöll Þórðardóttir 1998; Rosetti, 2005). Samkvæmt túlkun niðurstaða á orðaforðagátlistanum Orðaskil (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998) kemur í ljós að meðaltal virks orðaforða stúlkna við 24-25 mánaða aldur er 366 orð, en 268 orð hjá drengjum. Þessar niðurstöður gefa upplýsingar sem mikilvægt er að byggja á þegar unnið er með orðaforða ungra barna.

Einn þáttur snemmtækrar íhlutunar barna með málþroskafrávik er að kenna þeim viðeigandi notkun máls. Undanfarið hefur áhugi fræðimanna í auknum mæli beinst að þessum þætti vegna þess hve afgerandi áhrif hann hefur á hegðun og líðan barna. Birtingarform málþroskafrávika getur komið fram í hegðunarferðileikum. Börn með slaka boðskiptafærni kunna ekki að vera í hópi. Þau eiga erfitt með að lesa í óyrt skilaboð, hlusta, setja sig í spor annarra og skiptast á. Þetta veldur því að þau fá færri tækifæri til að læra af öðrum börnum í hópavinnu.

Annar mikilvægur þáttur í málörvun ungra barna er að styrkja hljóðkerfi (málhljóð tungumáls og reglur um tengsl þeirra) í gegnum leik og söng. Taktur, söngur og hrynjandi eykur áhuga og hjálpar til við nám (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Í kringum sex mánaða aldur eru flest börn farin að leika og endurtaka hljóðasambönd sem eru búin til af samhljóða og sérhljóða. Í kringum eins árs aldur þróa börn síðan hæfileikann til þess að segja orð sem hafa merkingu við ákveðnar aðstæður (Bryndís Guðmundsdóttir, 2008). Börn með eðlilega heyrn tileinka sér hljóðkerfi í viðkomandi tungumáli fyrst og fremst með því að hlusta og leika sér með málhljóðin. Þetta gerir það að verkum að börn eru virk í þessu ferli sem á sér stað yfir ákveðinn tíma og yfirfæra síðan þessa þekkingu á málhljóðum yfir á aðra þætti, svo sem undirbúning fyrir bókstafaþekkingu og lestrarnám. Umskráning bókstafa í málhljóð byggir meðal annars á þróun hljóðkerfisins. Rannsókn Þóru Másdóttur (2008) sýndi í hvaða röð íslensk börn tileinka sér málhljóðin frá tveggja ára aldri. Fyrst koma nefhljóðin /m/ og /n/ og síðast sveifluhljóðin /r/ og /hr/. Sérhljóð voru ekki skoðuð sérstaklega í rannsókninni, en vísbendingar úr henni bentu til að íslensk börn læri fyrst sérhljóðin (/a/, /í/, /e/, /u/, /i/, /o/, /ö/) og síðan tvíhljóðin (/á/, /æ/, /ei/, /ó/, /au/). Þessar upplýsingar gefa okkur hugmyndir um hvernig best er að haga vinnu með íslensku málhljóðin, sem er skemmtilegt að gera í gegnum leik og söng (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Það er mikilvægt að leika sér með málhljóðin frá unga aldri vegna þess að íslenskar rannsóknir sýna að tveggja ára börn geta myndað 67% einstakra málhljóða á réttan hátt og að rúmlega þriggja ára gömul börn (3;4 ára) geta myndað 88 % íslenskra einstakra málhljóða rétt (Hildigunnur Kristinsdóttir, 2007). Því fer fjarri að það eigi að vinna með beina framburðarleiðréttingu hjá svo ungum börnum, heldur er aðeins verið að benda á mikilvægi þess að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar þegar unnið er með alla málþætti. Þegar unnið er með framburð málhljóða ætti alltaf að vinna í samráði við talmeinafræðinga.



Almenn atriði sem börn ganga í gegnum í málþroska
Barnið er að uppgötva málið (frá fæðingu til 8 mánaða)
Barnið getur skipst á boðum (8 til 13 mánaða)
Barnið byrjar að segja fyrstu orðin (12 til 18 mánaða)
Barnið getur sett saman orð (18 mánaða til 2 ára)
Einföld setningamyndun (2 til 3 ára)
Flóknari setningamyndun (3 til 5 ára)

Sjá einnig heimasíðu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, www.hti.is

Ef barn fylgir ekki ofangreindum þrepum í málþroska er líklegt að það sé með málþroskafrávik sem endurspeglast bæði í móðurmáli og öðrum tungumálum sem barnið lærir. (Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústadóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þ. Jónsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, 2014)

4.2 Málörvun ungra tví- eða fjöltyngdra barna

Sýnt hefur verið fram á að börn sem læra tvö tungumál samhliða frá því að þau eru mjög ung búi til tvö aðskilin málkerfi og að þau fari í gegnum sömu þætti í málþroska á hvoru tungumáli fyrir sig. Tvítyngd börn læra þannig ákveðin atriði tungumálsins í sömu röð og eintyngd börn (Elín Þöll Þórðardóttir, 2006). Það er ekki nauðsynlegt að aðgreina tungumálin algjörlega til þess að koma í veg fyrir rugling. Þegar barnið tjáir sig blandar það stundum saman tungumálunum, það getur verið eðlilegur hluti af málkerfum barnsins. Það sem skiptir mestu máli er að tala móðurmál barnsins og leggja þannig grunn að eðlilegri þróun í málþroska. Rannsóknir hafa sýnt að þegar börn ná góðum tókum á eigin móðurmáli eiga þau auðveldara með að læra önnur tungumál.

Það er öllum börnum hollt og gott að læra ný tungumál. Nokkur misskilningur er uppi um að það að læra önnur tungumál valdi málþroskafrávikum en engar rannsóknir hafa sýnt fram á að það valdi seinkun í málþroska (Elín Þöll Þórðardóttir, 2004). Aðaláhbyggjur af mati á málþroska hjá tví- og fjöltyngdum börnum er hættan á því að vanmeta málþroskafrávik sem koma fram á báðum tungumálum og burt útskýra hann alfarið út frá því að barnið sé að læra önnur tungumál. Hins vegar er líka hættan á því að gera ráð fyrir að barnið sé með málþroskavandamál, þegar orsökina má rekja til þess að barnið hefur ekki fengið næg tækifæri til þess að tileinka sér tungumálið í því landi sem það býr.

Að læra tvö tungumál tekur lengri tíma en að læra eitt. Þessi vitneskja hjálpar okkur að meta málþroska barna sem tala fleiri en eitt tungumál. Það getur þ.a.l. komið fram frávik í málþroska þegar barnið er prófað eingöngu á einu tungumáli. Ein leið til að meta stöðu barna sem eru að læra íslensku sem annað tungumál er að meta orðaforða barnsins. Það er hægt að gera t.d. með *Orðaforðagátlistanum – Orðaskil* (Elín Þöll Þórðardóttir, 2006) og telja saman þau orð



sem barnið notar í báðum tungumálum. *Orðaskil* er þó eingöngu hægt að nota til þriggja ára aldurs. Einnig er hægt að gera óformlega athugun á orðaforða með aðstoð túlks og með því að fylgjast með barninu í daglegum aðstæðum.

Bein þýðing á málþroskaprófum sem eru stöðluð á öðru tungumáli en móðurmáli barnsins gefur ekki rétta mynd af málþroska barnsins eitt og sér (Edwards, Letts og Sinka, 2011). Það er þó hægt að nota ákveðin viðmið prófa til þess að skoða einstök atriði í málþroska barnsins út frá eðlilegum þrepum í málþroska, sem öll börn fara í gegnum, eins og að hlusta, sameina athygli, gera til skiptis og sýna táknrænan leik. Einnig er hægt að skoða orðaforða, málskilning og setningamyndun. Hvert tungumál hefur þó sín sérkenni sem taka þarf tillit til í mati á málþroska. T.d. er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvort hlutir eða myndir sem notuð eru í prófinu séu viðurkennd út frá menningarlegu samhengi. Ef um beina þýðingu er að ræða er mikilvægt að merkingin sé nákvæmlega hin sama og þýðingin ber með sér. Einnig þarf að gera ráð fyrir því að stundum er ekki hægt að lýsa mörgum hlutum með einu orði, þó að það sé hægt í stöðlunareintaki prófsins (Letts og Sinka, 2011).

Við málþroskamat tví- eða fjöltyngdra barna er mikilvægt að afla góðra bakgrunnsupplýsinga um barnið. Hafa þarf í huga hvort það er fætt á Íslandi, hversu lengi það hefur dvalist hérlendis og hvort það sé í íslenskum leikskóla. Það skiptir einnig máli að gera sér grein fyrir menningarmun og ólíkri túlkun á frávikum hjá mismunandi þjóðum. Viðhorf til frávika er mjög mismunandi eftir löndum og sums staðar er allt önnur merking lögð í hugtakið en á Íslandi. Í mörgum vestrænum þjóðfélögum er tilgangurinn með því að greina frávik fyrst og fremst sá að setja af stað snemmtæka íhlutun sem fyrst. Í öðrum löndum getur það að vera með frávik vakið upp mikla hræðslu og óöryggi, einfaldlega vegna þess að blöndun og skóli án aðgreiningar er ekki jafn þekkt í þjóðfélaginu og á Íslandi. Börn með frávik fá ekki sömu tækifæri til menntunar og önnur börn eða eru jafnvel send á stofnun.

Það sem vegur þyngst í málörvun tví- og fjöltyngdra barna er að móðurmál þess sé notað í samskiptum við það. Hins vegar er líka mikilvægt að barnið læri tungumálið í því landi sem það kemur til með að búa í. Þetta á sérstaklega við um orðaforða sem er notaður í skólaumhverfi barnsins. Því þarf að skapa möguleika fyrir börn sem eru að læra íslensku að umgangast íslensk börn utan leikskóla með áherslu á að þau fái fleiri tækifæri til þess að ná góðum tókum á tungumálinu. Hvort sem barn er með málþroskafrávik eða slaka færni í því að læra íslensku, þá er mikilvægt að veita viðeigandi íhlutun til þess að öll börn hafi jafna möguleika til náms á Íslandi. (Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þ. Jónsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, 2014)

5. Móttaka barna í leikskólanum Sólhvörfum

Það er stórt skref fyrir öll börn að byrja í leikskóla. Það getur reynst sumum erfitt og þá sérstaklega þeim sem ekki eiga íslensku að móðurmáli. Því er mikilvægt að leikskólinn sé vel undirbúinn og að umhverfið sé hlýlegt og hvetjandi. Hver leikskóli hefur sína aðlögunaráætlun fyrir nýja nemendur svo skólabyrjun megi takast sem best (Menntasvið Kópavogs, 2013).

5.1 Móttökusamtal

Við upphaf leikskólagöngu tekur deildarstjóri viðtal við foreldra þar sem hann aflar m.a. upplýsinga um fjölskylduhagi, heilsufar barnsins og matarvenjur þess. Einnig er upplýsinga aflað um mál- og félagsþroska barnsins. Samtalið gefur deildarstjóra góða mynd af stöðu barnsins sem flýtir fyrir snemmtækri íhlutun ef grunur vaknar um frávik í þroska. (sjá viðauka 1)



5.2 Þátttökuaðlögun

Í Sólhvörfum er þátttökuaðlögun en þá eru foreldrar með barni sínu fyrstu daga þess í leikskólanum. Með því að gera foreldra að virkum þátttakendum frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og starfið í leikskólanum. Hugmyndafræðin á bak við þátttökuaðlögun er að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna: Öruggir foreldrar = örugg börn. Um leið og sjálfstraust barns eykst þá verður barnið öruggara og sýnir færni í að kanna umhverfi sitt betur. (sjá viðauka 2)

Aðlögunin fer fram á eftirfarandi hátt:

- Fjögur til fimm börn eru að jafnaði tekin inn í einu.
- Foreldrar eru með barni sínu inni á deild fyrri hluta dags fyrstu þrjá dagana.
- Foreldrar sinna barninu, skipta á því, gefa því að borða og eru til staðar.
- Starfsfólk deildarinnar sinnir sínum störfum og leggur sig fram við að kynnast barni og foreldrum.



- Fjórdá daginn koma börnin um morguninn, kveðja foreldra og dvelja sinn vistunartíma í leikskólanum.

Helstu kostir þátttökuaðlögunar:

- Foreldrar fá að sjá og upplifa hvernig dagurinn gengur fyrir sig hjá börnunum.
- Foreldrar kynnst starfsmönnum og einnig öðrum foreldrum.
- Börnin verða öruggari í nýjum aðstæðum og læra strax að deila athygli starfsmanna með öðrum börnum.
- Aðlögunartími er styttri en ella sem þýðir að eðlilegt leikskólastarf getur hafist fyrr að hausti.
- Aukið álag á starfsfólk og börn sem fyrir eru á deildinni varir í styttri tíma.
(Leikskólinn Norðurberg, 2017)

6. Leikskólastarfið

6.1 Hugsmíðahyggja

Í Sólhvörfum er starfað eftir *hugsmíðahyggju* (e. social constructivism) sem byggir á kenningu Jean Piaget um nám og þroska barna. Lögð er áhersla á virkni barnsins í eigin þekkingarleit og mikilvægi þess að kennarar nýti áhugavöt barnsins hverju sinni. Kennsluaðferðir hugsmíðahyggjunnar byggja á því að barnið fái við raunveruleg verkefni, fái tíma til að rannsaka umhverfið, nýta frumkvæði og prófa eigin hugmyndir. Rík áhersla er lögð á að í leikskólanum sé ávallt notalegt andrúmsloft þannig að barninu líði vel. Unnið er að því að efla sjálfræði barnsins með það að markmiði að það verði sjálfstætt og virkt í eigin þekkingarleit, að það noti sjálfræði sitt til að framfylgja eðlislægri forvitni sinni og hafi sjálftraust til þess að leysa vandamál og segja hug sinn (Leikskólinn Sólhvörf, e.d.)

6.2 Bangsinn Blær

Í Sólhvörfum leggjum við áherslu á að kenna börnunum okkar að vera góður félagi og sýna vináttu, umhyggju, virðingu og hugrekki. Það er ástæðan fyrir því að við völdum að taka þátt í og tileinka okkur hugmyndafræði verkefnis á vegum Barnaheilla sem kallast Vináttu. Um er að ræða forvarnarverkefni gegn einelti fyrir börn á leikskólaaldri og fyrstu bekk grunnskóla. Verkefnið kemur frá Danmörku og heitir á frummálinu „Fri for mobberi“. Verkefnið er þróað og mótað af Red barnet og Mary Fonden. Markmið verkefnisins er að fyrirbyggja einelti með



því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Grundvöllur þess að vel takist til er þátttaka allra í leikskólanum; barna, starfsfólks og foreldra. Sérstök áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því.

Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu og með klípusögum, umræðum, nuddi, söng og leikjum læra börnin um gildi vináttu með aðstoð frá Blæ. Hvert og eitt barn fær lítinn bangsa sem táknar samfélag vináttu. Bangsarnir eru eign barnanna en þeir eru geymdir í leikskólanum þar til börnin hafa útskrifast og eru hugsaðir sem hluti af þessu verkefni. Þeir eru geymdir hver í sínu hólfi á deildunum en fá að sjálfsögðu mikla umhyggju og ást. Námsefnið sem notað er í verkefninu er að finna í sérstökum tösikum:

Gul taska fyrir 0-3ja ára, græn taska fyrir 3 -6 ára og blá taska er ætluð 1.-3. bekk grunnskóla.



Markmið verkefnisins er að þátttakendur tileinki sér ákveðin grunngildi við vinnu og samskipti í leikskólasamfélaginu. Hugmyndafræðin endurspeglast í eftirfarandi fjórum gildum:

- *Umburðarlyndi*
Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við aðra af virðingu.
- *Virðing*
Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða mismunandi háttarni annarra.
- *Umhyggja*
Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpssemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
- *Hugrekki*
Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.
(Barnaheill, 2018)

6.3 Samverustundir

Í Sólhvörfum eru samverustundir mjög mikilvægur hluti af leikskólastarfinu. Þær gegna til að mynda þýðingarmiklu hlutverki fyrir félagsþroska barnanna; þau læra að vera í minni og stærri hópnum, hlusta á aðra, tjá sig, efla sjálfsstjórn, læra að taka tillit til hvers annars og skiptast á svo dæmi séu tekin. Skemmtilegar umræður skapast oft og eru börnin hvött til að segja frá atburðum og öðru sem þeim er hugleikið. Börnin þurfa að rökstyðja mál sitt auk þess að hlusta á og virða sjónarmið annarra.

Í samverustundum gefast einnig dýrmæt tækifæri til málörvunar í gegnum söng, leiki og spjall. Áhersla er lögð á að lesa a.m.k. einu sinni á dag og að kenna börnum vísur og þulur þar sem það er góður grunnur fyrir lestrarnám (Signý Einarsdóttir, 2003). Reynt er að skapa notalegar stundir og skipta barnahópnum í minni einingar þegar lesið er. Velja þarf bækur sem hæfa aldri og þroska barnanna.

Samverustund er tvisvar til þrisvar sinnum á dag á hverri deild. Í upphafi hvernar stundar er farið yfir boðskiptareglur Bínu (sjá kafla 6.4.). Í fyrstu samverustund dagsins setur kennari upp myndrænt skipulag og segir frá því hvað dagurinn ber í skauti sér (sjá kafla 6.5). Einnig er farið yfir hvaða vikudagur er, hvaða mánuður og mánaðardagur. Á eldri deildum fær eitt barn það hlutverk að vera veðurfræðingur. Þá er litið til veðurs og veðurfræðingur fær að setja upp myndrænt hvernig veðrið er úti og í hvernig föt best er að klæða sig fyrir útiveru. Því næst eru valdir tveir borðþjónar úr hópi barnanna en þeirra hlutverk er að hjálpa til við að leggja á borð fyrir hádegismat. (sjá viðauka 3)

Söngur er órjúfanlegur partur af leikskólastarfinu og er sungið daglega inni á deildum í samverustundum. Börnin skiptast jafnan á að velja lög til að syngja. Á föstudögum er sameiginleg söngstund fyrir allan leikskólann á Iðavöllum, sem er salur skólans. Þá koma allar deildirnar saman og syngja vinalagið ásamt nokkrum öðrum lögum sem deildirnar skiptast á að velja. Einnig er Lubbalag vikunnar sungið (sjá umfjöllun um Lubba í kafla 7.4.)

6.4 Bínureglurnar

Boðskiptareglur Bínu eru kenndar öllum börnum í leikskólanum. Reglurnar eru fengnar úr bókum Ásthildar Bj. Snorradóttur um dúkkuna Bínu bálreiðu sem er oft reið því hún veit ekki hvernig hún á að haga sér. Stundum kastar hún sér í gólfið og öskrar. Hún lærir ýmislegt gagnlegt t.d. að hlusta og bíða þegar það á við og þá líður henni miklu betur. Tilgangur Bínureglanna er að kenna börnunum viðeigandi boðskipti og sjálfstjórn en það er mjög mikilvægur þáttur í námi barna. Bína kennir börnunum að sitja kyrr, hlusta, passa hendur, bíða, skiptast á og að muna eða rifja upp (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2006, 2007, 2008). Reglurnar hanga myndrænt uppi á öllum deildum og í sérkennslurýmiinu. Farið er yfir reglurnar í upphafi samverustundar og þær rifjaðar upp eftir þörfum á meðan samverustundin stendur yfir.



6.5 Myndrænt skipulag

Þegar við vitum til hvers er ætlast af okkur þá líður okkur vel. Í leikskólanum er notað myndrænt skipulag til að gera umhverfið í leikskólanum eins leiðbeinandi og fyrirsjáanlegt og mögulegt er. Sjónrænar vísbendingar hjálpa börnunum að átta sig á umhverfinu og auka sjálfstæði þeirra og öryggi við daglegar aðstæður. Þegar myndir eru notaðar á þennan hátt er alltaf gætt að því að nota talmál og ritmál samhliða. Myndrænt skipulag hentar öllum börnum, hvort sem þau eru með eðlilegan málþroska, skertan málþroska eða tala fleiri en eitt tungumál (Ásgerður Ólafsdóttir og Sigrún Hjartardóttir, 2018).

Myndrænt dagskipulag hangir uppi á öllum deildum. Í byrjun dags fer kennari yfir dagskipulagið sem er einskona stundaskrá yfir daginn. Hver mynd er lýsandi fyrir tiltekna stund dagsins, t.d. er ein mynd fyrir morgunmat, önnur fyrir rólegt starf, þriðja fyrir útveru og svo framvegis (Norðurberg, 2015).



Ýmsar leiðir eru færar í myndrænu skipulagi og er tilgangurinn alltaf að auðvelda skilaboð og leiðbeina börnunum hvað eigi að gera við tilteknar aðstæður. Á salerninu eru t.d. myndir sem leiðbeina börnunum hvernig maður ber sig að við að þvo hendurnar. Í fataklefanum eru myndir sem hjálpa börnunum að átta sig á því í hvað þau eigi að klæða sig og í hvaða röð. Gætt er að því að leiðbeinandi myndir séu í hæð barnanna.

Sum börn þurfa einstaklings dagskipulag sem sniðið er að þeirra þörfum. Myndrænt dagskipulag hangir þá uppi á aðgengilegum stað fyrir barnið og er yfirleitt mun nákvæmara en skipulag deildarinnar. Nokkur börn nota myndrænt skipulag við matarborðið, svokallaða „matarmottu“. Þá er myndum af því sem er í matinn raðað upp í lárétta röð efst á mottuna. Á lóðréttum renningi eru svo myndir sem gefa til kynna atburðarrásina í matartímanum. Börnin átta sig betur á því hvernig matartíminn gengur fyrir sig og eiga auðveldara með sjálfsbjörg, t.d. að biðja um meira með því að benda á tiltekna mynd.

6.6 Flæði

Á haustmánuðum 2016 var byrjað að vinna eftir hugmyndafræði Mihaly um flæði. Mihaly Csikszentmihalyi er þekktur fyrir rannsóknir sínar á hamingju og sköpunargleði. Hugmyndafræði hans um flæði er hvað þekktust en samkvæmt kenningum hans er flæði stundirnar þar sem við njótum okkar best. Einstaklingurinn gleymir sér í verkefni sem á hug hans allan og getur hann gleymt stað og stund.

(Leikskólinn Ásgarður, e.d.)

Í flæði er leikskólanum skipt upp í nokkur svæði sem kölluð eru „heimar“. Kostir flæðis eru þeir að betri nýting er á húsnæði og leikfni en ella og frjálsa leiknum er gefið aukið vægi í dagskipulaginu. Við teljum að í flæði upplifi nemendur meiri leikgleði, þeir sýni aukið frumkvæði, virkni, einbeitingu og öðlist frekari færni í samskiptum, samvinnu og hjálpssemi. Flæðið eykur einnig samvinnu starfsfólks því það dreifist niður á svæði óháð deildarskiptingum.

Flæðið er að jafnaði fjórum sinnum í viku. Börnin á yngstu deildunum eru með sitt eigið flæði inni á deild en eftir því sem börnin eldast og kynnast leikskólanum betur fara þau að taka þátt með hinum eldri. Börnin velja sjálf hvar þau vilja leika og við hvern. Efnivið er reglulega skipt út í heimunum og því eiga þeir ekki föst nöfn nema ævintýraheimar (hlutverkaleikur) og útiheimar. Í heimunum er lagt mikið upp úr því að málörvun sé allt um kring þó svo að mesta áherslan á málörvun sé í Lubbaheimum. Eins og nafnið gefur til kynna er þar unnið með námsefni sem tengist málörvunarefni Lubbi finnur málbein en einnig öllu því fjölbreytta málörvunarefni sem er til í leikskólanum.

Sumarskólinn



Á sumrin er flæðið fært út undir beran himinn. Í sumarskólanum er markmiðið að brydda upp á nýbreytni í starfinu utandyra, hafa gaman saman og nýta sumarið sem best til útiveru. Sumarskólinn er starfræktur frá byrjun júní fram að sumarlokun og er í boði að jafnaði fjórum sinnum í viku líkt og flæðið. Útileiksvæðum leikskólans er skipt upp eftir hinum ýmsu viðfangsefnum. Sem dæmi má nefna smíðasvæði, garðyrkju, náttúru- og vísindi og skapandi starf. Einnig er farið í íþrótt- og vettvangsferðir fyrir utan skólalóðina.

6.7 Ritmál sýnilegt

Í leikskólanum Sólhvörfum er lögð mikil áhersla á ritmál í leikskólaumhverfi barnanna. Þannig er vakinn áhuga þeirra á bókstöfum, lestri og ritun og þau hvött til að gera tilraunir með ritmálið. Með yngri börnum er mikilvægt að tengja ritmál og myndir. Með eldri börnum eru gerðar meiri kröfur og þar er meiri áhersla lögð á ritmálið en myndir. Starfsfólk leikskólans leggur áherslu á að letrið sem notað er sé skýrt og læsilegt og bókstafirnir sem líkastir því sem mæta börnunum í skriftarkennslu.

Dæmi um aðstæður þar sem áhersla er lögð á ritmálið:

- Samverustund
 - Myndrænt dagskipulag er bæði með myndum og ritmáli
 - Á tússtöflu eru skrifuð t.d. orð sem byrja á bókstaf vikunnar eða annað sem þarf að útskýra
 - Merkt er við nöfn barnanna á þar til gerðum listum eða þau skrifuð þegar börnin eru veðurfræðingar eða borðþjónar
- Matsalur
 - Nöfn barnanna koma fram á listum yfir hópana sem sitja saman í matsalnum. Á yngri deildum eru notaðar myndir og ritmál en aðeins ritmál fyrir eldri deildir
- Fataherbergi
 - Fatahólf barnanna eru merkt með nafni. Hjá yngri börnunum er hvoru tveggja mynd og ritmál en aðeins ritmál hjá þeim eldri
 - Myndir af klæðnaði eru hengdar upp í fataherbergjum og á þeim er ritmálið líka sýnilegt
 - Fatabox barnanna eru merkt með nafni, merkt er við þau föt sem vantar í boxið
- Leikrými
 - Kassarnir sem leikefnið er geymt í eru merktir með myndum og ritmáli svo börnin geti sjálf valið það sem þau vilja leika sér með
 - Hillur eru líka merktar svo hægt sé að ganga frá hlutunum á réttan stað
- Hópaskipting
 - Börnin læra að þekkja sitt nafn á listum yfir hópa sem þau eru í
- Deildir
 - Skúffur barnanna, þar sem þau geyma sína persónulegu muni, eru merktar þeim með nafni. Myndir eru einnig notaðar á yngri deildum.



- Börnin eru sjálf látin merkja sér hluti og myndir þegar þau ráða við það. Allt frá einum bókstaf upp í fullt nafn
- Öll börn eiga spjald með nafninu sínu skrifuðu sem þau geyma í skúffunni sinni. Þessi spjöld geta þau nýtt sér þegar þau eru að merkja sér blöð eða annað

6.8 Flokkun málörvunarefnis

Í Sólhvörfum eigum við gott safn af spilum og ýmiss konar efni til málörvunar. Til að auðvelda aðgengi að efninu hefur það verið flokkað í átta flokka eftir því á hvaða þroskaþætti/málþætti verið er að leggja áherslu á; sbr. skilgreinda málþætti og/eða stærðfræðipækkingu. Efnið er merkt með hringlaga límmiðum í mismunandi litum sem hver tákna tiltekinn flokk. Í einhverjum tilfellum getum við notað sama efnið til að örva fleiri en einn þroskaþátt/málþátt og er það þá efnið merkt með fleirum en einum límmiða.

Flokkarnir eru eftirfarandi:

- Setningar - blár
- Málfræði - hvítur
- Hlustun - grænn
- Hljóðkerfi og framburður - svartur
- Orðaforði - gulur
- Málskilningur - rauður
- Stærðfræði - appelsínugulur
- Litaheiti- fjólublár



Með því að flokka kennsluefnið með þessu móti auðveldar það starfsfólki leikskólans að finna það efni sem vinna á með hverju sinni. Sjá nánari umfjöllun um flokka í fylgiskjali 4. (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl. 2014)

6.9 PMTO

PMTO (e. Parent Management Training – Oregon) er meðferðarúrræði sem var þróað í Bandaríkjunum. Úrræðið er ætlað fagaðilum, foreldrum og öðrum sem koma að uppeldi barna. Það hefur verið aðlagð íslenskum aðstæðum og er nú notað víða í leikskólum hérlendis sem og erlendis. Áhersla er lögð á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun barna með því að gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks þegar börn sýna óæskilega hegðun.



Rannsóknir hafa sýnt að notkun *PMTO* minnki líkur á og dragi verulega úr hegðunarerfiðleikum barna og unglunga. Brýnt er að taka strax á erfiðri hegðun þar sem óhlýðni er oft undanfari alvarlegra hegðunarerfiðleika. Einnig getur mikil óhlýðni hamlað bæði vitsmunalegum og félagslegum þroska barna.

Í *PMTO* notum við m.a. eftirfarandi verkfæri til að draga úr hegðunarerfiðleikum og stuðla að auknum samstarfsvilja barna:

- **Fyrirmæli**
Það skiptir máli hvernig fyrirmæli eru gefin. Til að auka líkur á góðu samstarfi við barnið þurfa þau að vera nákvæm, stutt og einföld svo það vefjist ekki fyrir barninu hvað það eigi að gera. Þegar fyrirmæli eru gefin þarf að vera skýrt að ekki er verið að gefa barninu val. Starfsfólkið er að gefa skýr fyrirmæli um hvað barnið eigi að gera. Í stað þess að segja „Viltu fara í skóna núna?“ þá væri betra að segja „Farðu nú í skóna“. Einnig er mikilvægt að fylgja fyrirmælum eftir svo þau verði ekki marklaus.
- **Hvatning**
Þegar börnum er hrósað er verið að auka líkurnar á því að hegðunin sem hrósað er fyrir endurtaki sig. Dæmi: Barn gengur frá disknum sínum eftir matinn; ef starfsfólkið segir: „mikið ert þú duglegur að ganga frá disknum þínum!“ þá aukast líkur á að sama hegðun endurtaki sig aftur seinna. Til að hrós missi ekki marks þarf að segja barninu nákvæmlega fyrir hvað sé verið að hrósa fyrir. Dæmi: „Mikið varst þú dugleg/-ur að sitja kyrr við matarborðið“. Hvatning hefur afgerandi áhrif á sjálfstraust barna og brýnt að nota hana oft og víða.
- **Setjum mörk**
Með því að setja mörk má draga úr eða stöðva óæskilega hegðun. Mildar og sanngjarnar afleiðingar í kjölfar óæskilegrar hegðunar draga úr eða stöðva hana og auka sjálfstjórn barna. Með mörkum er börnunum kennd sjálfstjórn, að þau beri sjálf ábyrgð á eigin hegðun og skapi. (Margrét Sigmarsdóttir, 2005)



7. Málörvun

7.1 Foreldrasamvinna

Í Sólhvörfum er litið á foreldra sem mikilvæga samstarfsaðila í leikskólastarfinu. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er rík áhersla lögð á að milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir sem varða börnin.

Grunnur er lagður að samstarfi við foreldra þegar þeir taka þátt í aðlögun barna sinna í upphafi leikskólagöngu (sjá kafla 5.2. um þátttökuaðlögun). Þá gefst foreldrum tækifæri til að kynnast starfsháttum, námskrá og hugmyndafræði leikskólans. Í móttökusamtali aflar deildarstjóri upplýsinga um barnið, aðstæður þess, reynslu og heilsu (sjá kafla um móttökusamtal, kafla 5.1.). Á þessum gagnkvæmu upplýsingum byggjast fyrstu skref barnsins í leikskólanum. Boðið er upp á regluleg foreldrasamtöl þar sem foreldrar og leikskólinn eiga samtál um líðan barnsins, nám þess og þroska bæði heima og í leikskólanum.

Í Sólhvörfum er lögð áhersla á að málörvun fari fram í öllum aðstæðum, hvort sem það er í daglegu amstri eða í formlegum sögu- eða málörvunarstundum. Mikið er lagt upp úr samvinnu heimilis og skóla í þessu sambandi þar sem þáttur foreldra í málörvun barnanna er mjög mikilvægur. Foreldrar eru kennarar barnsins, ekki á völdum augnablikum, heldur nær allan þann tíma sem þeir eru samvistum við barnið (Gyða Haraldsdóttir, 2008). Foreldrar geta með virkri þátttöku lagt góðan grunn og stutt við lestrar- og læsinnám barna sinna. Rannsóknir hafa sýnt að það að lesa daglega auki orðaforða og leggi grunn að færni sem barnið þarf að búa yfir þegar það byrjar að lesa í grunnskóla (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2018). Foreldrar eru barninu einnig fyrirmynd þegar þeir lesa sér til ánægju en með því auka þeir líkur á að barnið fái sjálft áhuga á því að lesa í framtíðinni (Gyða Haraldsdóttir, 2008). Mikilvægt er að foreldrar tvítyngdra barna lesi fyrir þau á sínu móðurmáli, þar sem góð þekking á eigin móðurmáli auðveldar barni að læra önnur tungumál (Samuel Lefever og Inga Karlsdóttir, 2010).


7.2 Lestur á hverjum degi

Einn mikilvægasti þátturinn í almennri málörvun í leikskóla er að lesa fyrir börnin og kynna þau fyrir bókum og ritmáli. Í Sólhvörfum er lesið fyrir öll börn daglega. Sögulestur er mikilvægur fyrir lestrarnám barna; hann eflir orðaforða, skilning og vitund barnanna um sögubýggingu. Einnig kynnast þau ritmáli sem beinir athygli þeirra að hlutverki, uppbyggingu og eðli ritaðs máls (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2018).

Það að lesa upphátt skilar miklum árangri en það verður að gæta að því að öll börn fái eitthvað út úr sögustundinni. Mikilvægt er að stundin sé skemmtileg og þess vegna nauðsynlegt að finna leiðir til að brjóta upp formið; lesa í minni og stærri hópum eða lesa á einhvern allt annan hátt en vaninn er. Allir sem lesa fyrir börn þurfa að hafa í huga að lesa á lifandi hátt og velja lesefni sem hæfir þroska og áhugamálum (Helle Iben Bylander 2017).

Myndabækur verða oftast fyrir valinu fyrir yngstu börnin. Samræður um efni bókana byggist í fyrstu á myndunum en þróast smám saman í að snúast meira um textann. Áhersla er á að lesa frekar stutt í einu og oftari lestrarþol eykst með aldrinum ef lesið er reglulega fyrir börn (Helga Sigmundsdóttir, 2018). Á Dvergheimum, þar sem yngstu börnin dvelja, er unnið með yndislestur en þá les kennarinn myndabækur fyrir hóp barna á meðan hann hefur eitt barn í fanginu sem hann beinir lestrinum fyrst og fremst að. Kennarinn endurtekur lesturinn svo með hverju barni fyrir sig.

Með eldri börnum er mikilvægt að ræða um það sem lesið var og gefa börnunum tækifæri til að spyrja spurninga og fá svör. Áður en byrjað er að lesa er gott að skoða bókakápuna og velja upp spurningum; um hvað ætli bókin sé? Eftir



hvern er hún? Þegar ný orð koma upp er gott að nota tækifærið og ræða þau og útskýra merkingu þeirra (Menntamálastofnun, e.d.). Rannsóknir hafa sýnt að það sé mun áhrifaríkara að ræða um textann og innihald bókarinnar en að lesa bókina án skýringa. Börnin læra þannig mun meira um textann, orð og hugtök (Litla SOL, 2017). Þegar börn eldast átta þau sig smám saman á hlutverki ritmáls. Þau læra til dæmis að maður les frá vinstri til hægri og að það er byrjað að lesa

efst á síðu og lesið niður. Einnig að bókstafir standa fyrir orð en áhugi á bókstöfunum er ein af grundvallarforsendum læsis (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2018).

Lesið er aukalega fyrir tví- eða fjöltýngd börn. Þessi lestur fer fram með kennara inni á þeirri deild sem barnið er og er þá lesið fyrir það í einrúmi eða með öðrum börnum sem hafa svipaða færni í íslensku. Ef börnin kunna litla sem enga íslensku er byrjað að nota myndabækur eða aðrar einfaldar bækur. Lesefnið þýngist svo í takt við framfarir barnanna.

7.3 Í dagsins önn

Í Sólhvörfum er málörvun fléttað inn í sem flesta þætti leikskólastarfsins. Ýmis tækifæri gefast til dæmis í dagsins önn til að efla málþroska barnanna. Börn geta lært mikið í tungumálinu með því einu að talað sé við þau við daglegar athafnir og orð höfð á því sem er að gerast í umhverfinu. Við getum þannig gripið tækifærið við matarborðið, í fataherberginu, þegar þau eru að þvo sér um hendur eða í gönguferðum. Í upphafi dags tökum við á móti börnunum með því að heilsa „góðan dag (nafn barns)” og hvetjum barnið til að svara í sömu mynt. Á salerninu geta spunnist umræður um hreinlæti, af hverju er t.d. mikilvægt að þvo sér um hendurnar

með sápu? Í fataklefanum gefast ýmis

tækifæri til málörvunar: „Nú er kalt úti, í hvernig fót þurfum við þá að klæða okkur?” „Náðu nú í rauðu húfuna þína og bláu vettlingana”. Þegar við aðstoðum barn við að klæða sig getum við lýst atburðarrásinni: „Nú klæði ég þig í lopapeysuna, fyrst setjum við peysuna yfir höfuðið og svo setjum við hægri höndina í ermina...” Við það að heyra rætt um heiti hluta, stærðarhugtök, litahæiti og líkamsheiti á þennan hátt átta

börnin sig fyrir á hugtökunum og fara

svo að tileinka sér þau sjálf með tímanum (Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir, 2014). Í leikskóla er matartíminn ekki bara hugsaður til að matast. Þar getum við rætt um hvað áhöldin sem við notum heita, hversu margir sitja við borðið, hvað er í matinn og hvernig hann er matreiddur. Börnin eru hvött til að nota viðeigandi setningar þegar þau biðja aðra um að rétta sér matinn. Auk þessa eru þetta kjöraðstæður til að æfa boðskipti; við hlustum á þann sem talar, við skiptumst á skoðunum og pössum að allir fái að taka þátt í umræðunum (Signý Einarsdóttir, 2003).



7.4 Lubbi finnur málbein

Haustið 2015 byrjuðum við að vinna með bókina Lubbi finnur málbein. Mikið og gott starf hefur verið unnið frá þeim tíma og hefur Lubbi lagt mikið af mörkum til málörvunar í Sólhvörfum. Efnið er hugsað sem málörvun og hljóðanám fyrir börn á aldrinum 2ja til 7 ára og hefur m.a. reynst hjálplegt börnum með íslensku sem annað mál og heyrnaskertum börnum. Hugmyndasmiðirnir á bak við Lubba, Þóra Másdóttir og Eyrún Ísfold Gísladóttir, eru talmeinafræðingar sem hafa áralanga reynslu af talþjálfun barna.



Lubbi er íslenskur fjárhundur. Hann langar að læra að tala en þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Í bókinni fer hann í ferðalag um Ísland í leit að málbeinunum 35 en eitt máhljóð er tekið fyrir á hverri síðu eða opnu. Sérhvert máhljóð er kynnt með stuttri sögu og skemmtilegri vísu eftir Þórarín Eldjárn. Áhersla er lögð á fjölbreyttan orðaforða og auðugt málfar. Hver síða í bókinni er myndskreytt náttúru Íslands og hlutum sem tengjast máhljóðinu. Hvert máhljóð á sitt tákni eða hreyfingu sem tengist því. Með því að tengja hljóðið og táknrænu hreyfinguna er auðveldara fyrir börnin að læra hljóðin og muna þau (Lubbi finnur málbein, 2009).





Málörvun með Lubba


Allar deildir eiga sitt Lubba tuskudýr sem fær að vera með börnunum í málörvun með Lubba. Eitt máhljóð er tekið fyrir í einu þar sem unnið og leikið er með máhljóðið í hverri málörvunarstund. Kennari útskýrir fyrir börnunum hvernig maður segir hljóðið og táknað það í leiðinni. Börnin eru spurð hvort þau þekki einhver orð sem byrja á máhljóðinu og kennari skrifar orðin á tússtöflu. Orðin fá að vera á töflunni og börnin bæta nýjum orðum við næstu dagana í kjölfarið. Sagan við máhljóðið er svo lesin og hún rædd en umræður taka mið af aldri hópsins. Eldri börnin hafa meiri getu og þekkingu til þess að fara dýpra í textann t.d. að finna máhljóðið í textanum, klappa atkvæði og finna út hvaða orð ríma. Hjá yngri börnunum er staldrað meira við til að útskýra og ræða textann. Öllum vísuð í bókinni; Lubbi finnur málbein fylgir sönglag um viðkomandi bókstaf/máhljóð sem börnin læra að syngja. Í leikskólanum Sólhvörfum eru þessi sönglög kölluð „Lubbalög“. Í vikulok koma öll börn saman í söngstund þar sem þau syngja m.a. saman Lubbalag vikunnar.



7.5 Orðaforðalisti


Árið 2017 gaf Menntamálastofnun út *Orðaforðalistann*. Þetta orðasafn er hugsað sem verkfæri fyrir leikskólakennara og foreldra að styðjast við þegar þeir vinna að eflingu orðaforða barna á mismunandi aldri. Í orðasafninu er safnað saman orðum úr nánasta umhverfi barnsins og helstu orðum sem koma fyrir í lífi og starfi barna á leikskólaaldri. Lögð er áhersla á að orðasafnið sé alls ekki tæmandi en það inniheldur dæmi um mikilvægan grunnorðaforða sem gott er að hafa á valdi sínu sem undirstöðu fyrir vaxandi mál- og lesskilning. Orðasafnið getur verið sérstaklega gott verkfæri fyrir tvítýngd börn.

Hægt er að nota orðasafnið á ýmsa vegu, s.s. að hafa það sýnilegt á veggjum leikskólans til að minna fólk á að nota fjölbreyttan orðaforða í daglegu starfi, prenta út og hafa sem skráningarblað fyrir einstök börn, vinna þematengda vinnu, dýpka samræður við börnin, búa til leiki út frá orðunum og nýta sem verkfæri fyrir foreldra til að efla orðaforða barna sinna o.s.frv. (Menntamálastofnun, 2017).



Veggspjöld

Í leikskólanum Sólhvörfum voru útbúin nokkrar útgáfur af veggspjöldum út frá Orðaforðalistanum og er tiltekinn orðaforði tekinn fyrir á hverju spjaldi, s.s. líkamsheiti, húsdýr og litir. Á öllum spjöldunum eru myndir auk texta svo börnin átti sig á því hvernig orðin eru skrifuð. Veggspjöldin hanga á veggjum í matsalnum en matartíminn er kjörinn vettvangur til að ræða saman og ýta undir aukinn orðaforða og skapast oft góð umræða um myndirnar á spjöldunum. Gerður er greinarmunur á þeim orðaforða sem börn yngri en 3 ára eiga að ráða við og þeim sem eldri börn ættu að ráða við. Á veggspjaldinu þar sem lögð er áhersla á fætur eru t.d. myndir af fæti, stóru ták, litlu ták, hæl, hné og ták fyrir þau yngri. Til viðbótar eru myndir af læri, kálfa, fótlegg, il, rist og ökkla fyrir þau eldri en einnig er unnið með fleirtölumyndir þessara orða.




7.6 Leyniherbergið

Sérkennsluherbergi leikskólans gengur undir nafninu „Leyniherbergið“ sem gerir það að vinsælu vinnurými. Þangað fara börn í vinnustundir og geta ástæðurnar verið margvíslegar, m.a. málþroskafrávik eða þroskafrávik af öðrum toga. Í málörvunarstundum eru börnin ýmist ein með kennara eða í hópi annarra barna með svipaðan vanda. Í Leyniherberginu er lögð áhersla á boðskiptaleiðina „Tákn með tali“ (TMT) og myndrænt skipulag (sjá kafla 7.8.1. um Tákn með tali). Vinnustundir hefjast á því að bjóða börnin velkomin og kennari útskýrir myndrænt hvaða verkefni verði unnin í tímanum. Þá er farið yfir boðskiptareglur Bínu (sjá kafla 6.4) sem eru reglurnar í Leyniherberginu. Því næst er lesin saga og hún rædd. Sagan er valin með getu, aldur og þarfir barnanna í huga. Næst eru málörvandi verkefni lögð fyrir börnin þar sem áhersla er lögð á mismunandi málþætti. Verkefni eru af ýmsum toga og eru bæði aðkeypt og heimagerð. Sú staða kemur stundum upp að það þarf að sérhanna verkefni til að þjálfa tiltekna færni. Með tímanum hefur starfsfólk leikskólans í Sólhvörfum því komið sér upp veglegum verkefnabanka með fjölbreyttum viðfangsefnum. Dæmi um verkefni sem eru notuð í vinnustundum tengjast t.d. orðaforða, litaheitum, stærðarhugtökum, málskilningi, máltjáningu, framburði og hljóðkerfisvitund. Sem umbun fyrir vel unnið verk fá börnin að fara í spjaldtölvu í lok tímans þar sem þau fá að velja milli nokkurra málörvandi verkefna. Að lokum er svo rifjað upp hvað var gert í tímanum. (sjá viðauka 5)

7.7 Bókabíó

Hægt er að fara ýmsar leiðir þegar lesið er fyrir börn og þarf að taka mið af hverjum aldurshópi fyrir sig. Bókabíó hefur öðlast miklar vinsældir hjá börnunum. Þá er tekin ljósmynd af hverri blaðsíðu í bók fyrir sig og myndirnar síðan settar upp í slæðusýningu. Slæðusýningunni er varpað á vegg og bókin ýmist lesin, flutt eða hljóðupptaka spiluð. Með þessum hætti sjá börnin myndirnar betur og eiga auðveldara með að hlusta og fylgja þræðinum en þegar bók er lesin á hefðbundinn hátt. Kennarinn getur lagt meira upp úr flutningi á bókinni og hefur betri yfirsýn yfir hópinn. Ekki má gera lítið úr því að börnunum finnst þetta oft meira spennandi en hefðbundinn lestur vegna þess að þetta heitir bíó.




7.8 Nálganir í sérkennslu

7.8.1 Tákn með tali (TMT)

Sum börn eiga í erfiðleikum með að tjá sig með orðum og geta það jafnvel ekki. Í slíkum tilvikum eru notaðar óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Í Sólhvörfum leggjum við áherslu á notkun *Tákn með tali* (TMT). Tákn með tali er tjáningarform sem er ætlað heyrandi fólki sem glímir við mál- eða talörðugleika og byggist það á samblandi af látbrigðum, táknum og tali. Það sem átt er við látbrigðum er þegar látbragð og svipbrigði eru yfirleitt sýnd um leið og táknið er gerð og undirstrika merkingu þeirra. Táknunum er skipt í tvo þætti, náttúruleg táknið sem byggjast oftast á því að athöfn er leikin og eiginleg táknið sem flest eru fengin að láni úr táknmáli heyrnarlausra. Táknin eru alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð setningarinnar eru táknuð. Þannig hægir TMT einnig á tali og það verður skýrara. Þegar táknið með tali eru notuð sem leið til tjáskipta örva þau jafnframt málvitund og málskilning barnsins (Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal, 2005).

Tákn með tali hefur verið notað í leikskólanum Sólhvörfum í nokkur ár og þá helst með yngstu börnunum, en einnig með þeim börnum sem hafa átt erfitt með að tjá sig eða skilja talmál. Reynt er að nota Tákn með tali í flestum aðstæðum í leikskólanum, t.d. í samverustund, söngstund, við matarborðið, í leik, fataklefa og á salerninu. Í hverri viku er valið táknið vikunnar sem er fyrir allan leikskólann. Þá viku er sérstök áhersla lögð á það táknið. Matseðill vikunnar er útbúinn með táknið með tali fyrir starfsfólk og börn svo auðveldara sé að læra og muna táknið fyrir matinn. Fyrir þau börn sem hafa átt erfitt með talað mál hefur verið útbúin orðabók, þar er hægt að fylgjast með orðaforða barnsins. Orðin/táknið sem barnið er að læra er sett í bókina og fjölga þeim svo eftir því sem orðunum/táknum fjölga. Orðin eru flokkuð eftir lit og er unnið eftir Bliss kerfinu. Þannig er hægt að sjá hvort leggja þurfi áherslu á einn flokk frekar en annan.

Tákn með tali hefur hjálpað mörgum börnum sem ekki eru farin að nota talmálið og eiga, af einhverjum ástæðum, erfitt með að gera sig skiljanleg í daglegum samskiptum. TMT hjálpar þeim að skilja talað mál og ýtir undir og styður við að þau noti sjálf talað mál. TMT eykur sjálfstæði þeirra sem nota það því það verður auðveldara fyrir þau að tjá sig um þarfir, óskir og líðan.





7.8.2 TEACCH

TEACCH (e. Treatment and Education of Autistic and related Communications Handicapped Children) er þjónustulíkan sem var þróað af bandaríska prófessorum Eric Schopler á áttunda áratug síðustu aldar. Það var hannað til að auðvelda einstaklingum á einhverfurófi að skilja umhverfi sitt og er notað frá barnsaldri fram á fullorðinsár í lífi einstaklings. Áhersla er lögð á að aðlaga umhverfið að þörfum einstaklingsins, nota sjónrænar vísbendingar og haga aðstæðum á þann hátt að þær efli sjálfstæði hans.

Innan *TEACCH* líkansins hefur verið þróuð kennsluaðferð sem nefnist *skipulögð kennsla* (e. Structured Teaching). Rannsóknir hafa sýnt að skipulögð kennsla hentar mjög vel einstaklingum með röskun á einhverfurófi og gerir þá færari í að framkvæma hluti án stuðnings frá öðrum. Kennslan byggir á því að skipuleggja umhverfið, setja upp vinnukerfi, dagskrá og sjónrænt boðskiptakerfi til að veita yfirsýn yfir það sem er framundan. Hægt er að nota skipulagða kennslu hvar sem er og við hvaða aðstæður sem er. Íhlutun sem byggir á *TEACCH* er alltaf einstaklingsmiðuð og til að hún beri árangur þarf að endurskoða hana jafnt og þétt og nota við flestar aðstæður í lífi einstaklings (Ásgerður Ólafsdóttir og Sigrún Hjartardóttir, 2018).

8. Mat á námi og þroska

Fylgst er með heilsu og þroskaframvindu barna í reglubundnum heilsufarsskoðunum á heilsugæslustöðvum. Foreldrar eru hvattir til að fara með börn sín í slíkar skoðanir, sem eru þeim að kostnaðarlausu. Fylgst er með vitsmuna- og tilfinningaþroska, ásamt félagslegum og líkamlegum þroska barna frá fæðingu til grunnskólaaldurs. Markmiðið er að styðja við foreldra og veita þeim heilbrigðisfræðslu (Heilsugæslan, e.d.) Komi fram einhver frávik í þessum skoðunum setur hjúkrunarfræðingur sig í samband við sérkennslustjóra eða deildarstjóra í leikskólanum að fengnu leyfi foreldra. Í viðauka 6 er yfirlit yfir það á hvaða aldri börn fara í heilsufarsskoðun á heilsugæslu og hvað er gert í hverri skoðun.

Í Sólhvörfum fylgjast leikskólakennarar og sérkennslustjóri með þroskaframvindu barnanna með markvissum hætti. Eitt af þeim verkfærum sem stuðst er við til að fylgjast með námi og þroska barnanna eru skimunarlistar/próf sem eru lögð fyrir öll börn á tilteknum aldri. *EFI-2* málþroskaskimun er þannig lögð fyrir öll börn á fjórða ári og *HLJÓM-2* prófið er lagt fyrir þau sem eru á lokaári í leikskólanum. Þá er *TRAS* – Skráning á málþroska ungra barna fyllt út af leikskólakennara á árs fresti, frá tveggja ára til fimm ára aldurs.

8.1 EFI-2

EFI-2 er málþroskaskimun sem lögð er fyrir öll börn á fjórða ári. Tilgangurinn er að kanna málskilning og tjáningarfærni barna og finna þau börn sem þurfa á markvissri málörvun að halda (Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir, 2012).

Skimunin er lögð fyrir af fagfólki með tilskilin réttindi en fyrirlögn tekur um tíu mínútur. Barn og kennari eiga saman rólega stund og skoða myndabók með sjö myndum. Kennari leitar svara við ákveðnum spurningum sem flestar tengjast myndum í bókinni.

Svör barnsins gefa vísbendingu um hvernig málþroski þess er miðað við jafnaldra; hvar styrkur barnsins liggur og hvort um er að ræða veikleika á einhverju sviði.

Gefi niðurstöður til kynna einhver frávik í málþroska er haft samband við foreldra. Mælt er með því að þau börn sem koma slök út fari í málörvunarhóp í leikskólanum. Í sumum tilvikum er tekin ákvörðun um frekari íhlutun í samráði við foreldra. (sjá viðauka 7)



8.2 HLJÓM-2

HLJÓM-2 er próf í leikjaformi sem er lagt fyrir elsta árgang leikskólans til að meta mál- og hljóðkerfisvitund. Með hljóðkerfisvitund er átt við að barnið geri sér grein fyrir að tungumál hafi ákveðið form og það skipti ekki bara máli hvað er sagt, heldur einnig hvernig það er sagt. Barnið gerir sér þannig grein fyrir hljóðfræðilegri uppbyggingu talaðs máls (Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2002).

HLJÓM-2 er skipt upp í sjö prófþætti:

1. Rím
2. Samstöfur
3. Samsett orð
4. Hljóðgreining
5. Margræð orð
6. Orðhlutaeyðing
7. Hljóðtenging



Prófið er lagt fyrir á haustin en fyrirlögnin tekur um 20 - 30 mínútur.

Niðurstöður gefa marktækar vísbendingar um áhættu varðandi síðari lestrarörðugleika og eru því mikilvægar fyrir markvissa vinnu á lokaári barnanna í leikskólanum (Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2002). Allir foreldrar fá upplýsingar um niðurstöðu síns barns í bréfi þar sem einnig er bent á leiðir og námsefni til að örva mál- og hljóðkerfisvitund. Þá er niðurstöðum skilað til þess grunnskóla sem barnið mun hefja nám í.

Málörvunarhópar eru myndaðir í kringum þau börn sem koma út með slaka færni. Eftir rúmlega þriggja mánaða vinnu er prófið lagt fyrir aftur. Ef útkoman er óbreytt er málið skoðað í samráði við foreldra og ákvörðun tekin varðandi frekari íhlutun. (sjá vikauka 8)

8.3 TRAS

TRAS - skráningarlistinn (n. Tidlig registrering af sprákuþvölg) er fylltur út einu sinni á ári fyrir öll börn á aldrinum tveggja til fimm ára.

TRAS var saminn af norskum sérfræðingum og er víða notaður á Norðurlöndunum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileikun. Með skráningarlistanum er hægt að skima





eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga (Menntamálastofnun, e.d.).

Fylgst er með eftirfarandi þáttum:

1. Samleikur/félagsfærni
2. Tjáskipti/samskipti
3. Athygli/einbeiting
4. Málskilningur
5. Málvitund
6. Framburður
7. Orðaforði
8. Setningarmyndun

Ekki er um eiginlega fyrirlögn að ræða heldur leitar leikskólakennari sem best þekkir barnið svara við spurningunum á skráningarlistanum með því að fylgjast með því í leik og starfi. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því í gegnum leikskólagönguna. Foreldrar fá svo að fylgjast með stöðu sinna barna í foreldrasamtölum. (sjá viðauka 9)

9. Viðbrögð við frávikum

Vakni grunur hjá foreldrum eða leikskólakennurum um seinkaðan þroska hjá barni er leitað eftir aðstoð sérkennslustjóra sem setur ákveðna verkferla í gang. Ef niðurstöður úr áðurnefndum skimunum eru fyrir neðan meðaltal eru foreldrar beðnir um að fylla út *Smábarnalistann, Íslenska þroskalistann og/eða Orðaskil*. Þetta eru listar sem eru ætlaðir til þess að meta mál- og hreyfiþroska barna en það hvaða listi verður fyrir valinu ákvarðast af aldri barnsins. Sérkennslustjóri reiknar út niðurstöður og þegar þær liggja fyrir er tekin ákvörðun um næstu skref í samráði við foreldra.

Ef niðurstöður gefa til kynna einhvers konar frávík er lögð áhersla á að byrja strax á markvissri vinnu með barnið. Málörvunarhópar, þar sem unnið er með mismunandi áherslur, eru starfræktir í Sólhvörfum og er mælt til þess að barnið fari í slíkan hóp. Áhersla er lögð á að skrá og skilgreina hvað er gert í málörvun og leggja mat á árangur.


Í sumum tilvikum er mælt með aðkomu talmeinafræðings til að kortleggja málþroska barnsins frekar. Í kjölfarið er haldinn skilafundur þar sem talmeinafræðingur fer yfir niðurstöður. Fundinn sitja foreldrar, deildarstjóri og sérkennslustjóri leikskólans. Talmeinafræðingur setur fram tillögur að úrræðum og veitir ráðgjöf varðandi það hvernig best sé að örva málþroska barnsins heima og í leikskólanum. Auk talmeinafræðinga starfa sálfræðingar og iðjubjálfi á vegum bæjarfélagsins en óskað er eftir þjónustu þeirra þegar þörf er á nánari greiningum eða ráðgjöf.

Í þeim tilvikum þar sem frávik í þroska eru nokkur, er sérstakt teymi myndað í kringum barnið. Teymi er hópur fólks sem hefur mismunandi þekkingu á ólíkum sviðum en vinnur að sömu markmiðum og ber sameiginlega ábyrgð (Ína Rós Jóhannesdóttir, 2010). Hópurinn samanstendur af foreldrum barnsins, stuðningsaðila sem sinnir barninu innan leikskólans, sérkennslustjóra, deildarstjóra og sérkennslufulltrúa eða sérkennsluráðgjafa bæjarfélagsins. Oft eru aðrir sérfræðingar einnig hluti af teyminu, s.s. talmeinafræðingur, sálfræðingur, sjúkráþjálfari og/eða iðjuþjálfari. Teymisvinna er mikilvæg þegar unnið er eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar en tilgangurinn með slíkri vinnu er að miðla upplýsingum um hagi barnsins bæði heima fyrir og í leikskólanum. Þessar upplýsingar hjálpa til við að setja markmið sem hæfa barninu og þroskastigi þess (Arnfríður Kristín Arnþórsdóttir, 2017).

Einstaklingsnámskrá er unnin fyrir viðkomandi barn en þar er staða þess kortlögð (sjá sýnishorn af einstaklingsnámskrá í kafla X í viðauka). Í námskránni eru sett fram markmið í vinnu með barnið ásamt hugmyndum í tengslum við hvaða leiðir séu bestar til að ná settum markmiðum. Við gerð einstaklingsnámskrár er stuðst við *AEPS* matslistann sem fjallað verður nánar um í kafla 9.3. Einstaklingsnámskrá byggir á upplýsingum úr nokkrum áttum og skiptir aðkoma foreldra þar miklu máli. Áhersla er lögð á að markmið séu mælanleg svo auðvelt sé að meta hvort árangur hafi náðst í vinnu með barnið (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2008). Gildistími einstaklingsnámskráa er almennt þrjú til fjórir mánuðir en þá er staða barnsins endurmetin og markmið uppfærð í takt við hana.

9.1 Smábarnalistinn og Íslenski þroskalistinn

Smábarnalistinn og *Íslenski þroskalistinn* eru frumsamdir af sálfræðingunum Einari Guðmundssyni og Sigurði J. Grétarssyni og eru þeir notaðir til að meta mál- og hreyfiþroska barna. *Íslenski þroskalistinn* er ætlaður fyrir þriggja til sex ára börn. Mæður svara staðhæfingum varðandi getu barnanna á mál- og hreyfisviði. *Smábarnalistinn* er sambærilegur *Íslenska þroskalanum* en er ætlaður fyrir yngri aldurshóp eða börn á aldrinum 15 - 38 mánaða (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 1997; 2005).



9.2 Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum eins og hálfis árs til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barna, færni þeirra í setningagerð og hversu gott vald þau hafa á beygingum í íslensku. Út frá aldursviðmiðum sem fylgja prófinu er hægt að skera úr um hvort málþroski barns falli innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998).



9.3 AEPS

AEPS matslistinn (e. Assessment, Evaluation and Programming System for Infants and Children) er hagnýtt tæki sem er lagt til grundvallar þegar einstaklingsnámskrá er gerð fyrir barn. Geta barna frá fæðingu til sex ára aldurs er metin á sex þroskasviðum: Fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili. Foreldrar svara einni útgáfu af listanum og starfsmenn leikskóla annarri. Einn helsti kosturinn við notkun *AEPS* er einmitt sú áhersla sem er lögð á aðkomu foreldra þegar ákvarða á áherslur í starfi með barn. Niðurstöður *AEPS* gefa skýr svör um hvaða þroskaþætti þarf að vinna með hjá barni og er góð undirstaða þegar verið er að skipuleggja íhlutun og við gerð einstaklingsnámskrár (Aðalheiður Una Narfadóttir o.fl., 2016).





10. Lokaorð/ávinningur

Þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun í málörvun hefur verið lærdómsríkt og krefjandi ferli en þó fyrst og fremst skemmtilegt. Við sáum strax að ávinningurinn yrði mikill fyrir Sólhvörf þar sem við þurftum að fara í gegnum alla okkar verkferla sem tengjast málörvun sem og að skoða allt málörvunarefnið til þess að geta merkt það rétt eftir flokkunarkerfinu okkar. Með þessari vinnu er búið að gera málörvunina markvissari og á starfsfólk auðveldara með að finna efni í samræmi við það sem verið er að vinna með. Nú er komin handbók sem heldur utan um málörvunina á leikskólanum. Það er einlægur vilji innan leikskólans að þetta verði bók sem verður notuð og að hún haldi áfram að þróast eftir því sem árin líða og leikskólinn þróast.



Heimildaskrá

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2011. Leikur og læsi í leikskólum. *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://netla.hi.is/greinar/2011/alm/005.pdf>

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2018). Að lesa fyrir börn. Sótt 10.október 2018 af <http://lesvefurinn.hi.is/node/212>

Aðalheiður Una Narfadóttir, Atli Freyr Magnússon, Helga Kristinsdóttir og Þórunn Halldórsdóttir. (2015). AEPS, færnimið matskerfi. Kópavogur: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Ásgerður Ólafsdóttir og Sigrún Hjartardóttir. (2018). *Verkþæðakista (Toolkit): Hagnýt ráð um kennslu nemenda á einhverfurófi*. Sótt af 10 október 2018 af https://www.einhverfa.is/static/files/skrar/verkfaerakista-isl.-skil-5.2_.pdf

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir, og Sigurður Sigurjónsson. (2014). Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna. Akranesi: Höfundar.

Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir. (2000). Mál-lestur. Í Heimir Pálsson (ritstjóri).

Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal. (2005). *Tákn með tali, orðabók*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal. (2005). Tákn með tali. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Bryndís Guðmundsdóttir. (2008). Lærum og leikum með hljóðin - Framburðarbók með æfingum og myndum. Reykjanesbær: Raddlist ehf.

Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson (2005). Smábarnalistinn. Handbók. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir. (2012). EFI-2 Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Akranes: Talþjálfun og ráðgjöf. ISBN 978- 9979-709756.

Elín Þöll Þórðardóttir. (1998). Orðaskil: Málþroskapróf: Leiðbeiningar og aldursviðmið. Reykjavík: Framsaga, dreifing Talþjálfun Reykjavíkur.



Eyrún Ísfold Gísladóttir, Þóra Másadóttir, Þórarinn Eldjárn og Freydís Kristjánsdóttir. (2015). *Lubbi finnur málbein*. Reykjavík, Mál og menning.

Greiningar – og ráðgjafarstöð ríkisins. (2018). Skipulögð kennsla (TEACCH). Sótt 12. október 2018 af <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/skipulogd-kennsla>

Gyða Haraldsdóttir, (2008). *Foreldrafærni, þarf að kenna foreldrum uppeldi?* Ráðstefna ASÍ um málefni barna.

Heilsugæslan. (e.d). Ung- og smábarnavernd. Sótt 22. ágúst 2018 af

Helga Sigmundsdóttir. (2018). Málþroski og læsi. Sótt 10. október 2018 af http://lesvefurinn.hi.is/forsendur_lesturs

Helle Iben Bylander. (2017). Litla SOL, Spjallað og leikið við yngstu börnin 0-3 ára (Margrét Tryggvadóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir þýddu). Herning: Special-pædagogisk forlag. (upphaflega gefið út 2011)

Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2002) Hljóm-2: Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna (handbók) Gutenberg.

Jóna G. Ingólfssdóttir. (2008). Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Glæður, 9,2:33.

Leikskólinn Ásgarður. (e.d). Námsskrá skólans. Sótt 3. október 2018 af <http://asgardur.leikskolinn.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

Leikskólinn Norðurberg. (2017) Móttökuáætlun Norðurbergs. Sótt 11. september 2018 af <http://nordurberg.leikskolinn.is/nor%C3%B0urberg/m%C3%B3tt%C3%B6ku%C3%A1%C3%A6tlun%20-%20ma%C3%AD%202017.pdf>

Lestrarbókin okkar, Greinasafn um lestur og læsi (bls. 39-49). Reykjavík, Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands og Íslenska lestrarfélagið.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Letts,C. og Skinka,I. (2011). *The new Reynell developmental language scales: Multilingual toolkit*. London: GL Assessment Limited.

Margrét Sigmarsdóttir (umsjónarmaður). (2005). PMT foreldrafærni: Heimaverkefni: Foreldranámskeið (3. útgáfa). Hafnarfjörður: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámskrá leikskóla.



Menntasvið Kópavogsbæjar. (2013). Móttaka og aðlögun barna af erlendum uppruna í leikskólum Kópavogs. Kópavogsbær. Sótt 25.september 2018 af <https://www.kopavogur.is/static/files/Leikskolar/fjolmenningarstefna-leikskola-kopavogs.pdf>

Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir. (2010). Kennslufræði annars máls. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), Fjölmennning og skólastarf (bls. 109-127). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Singh, S. og Kent, R.D. (2000) *Illustrated dictionary of speech, language pathology*. San Diego: Singular Publishing Group

Signý Einarsdóttir, 2001. *Málörvun í leikskólum*. Athöfn 33,1:26-28. Félag Íslenskra leikskólakennara, Reykjavík.

Tras skráning á málþroska ungra barna *Liðbeiningar 2017 Endurmenntun Háskóla Íslands*

Weitzman, E. og Greenberg, J. (2002) *Learning language and loving it*. Toronto: The Hanen centre.

Whalley, M. (2007). *Involving parents in their children's learning*. London: Paul Chapman.

Póra Sæunn Úlfsdóttir. (2010). *Sértæk málþroskaröskun – áhrif á líf einstaklings*. Talfræðingurinn 23(1), 23-25.



Fylgiskjöl/viðaukar



1.Móttökusamtal

Nafn barns (gælunafn?)		Kennitala
Heimilisfang		Dvalartími
Móðir / forráðamaður 1		Kennitala
Netfang		Sími
Heimilisfang		Vinnustaður
Faðir / forráðamaður 2		Kennitala
Netfang		Sími
Heimilisfang		Vinnustaður
Á barnið systkini?	Nöfn systkina	
Fjölskyldugerð / skipulag umgengnisréttar		
Á barnið afa og ömmu? Ef já, búa þau á Íslandi?		
Hefur barnið verið á leikskóla/hjá dagforeldri?		
Þekkir barnið einhvern í leikskólanum? Ef já, hvern?		
Hvernig er skaplyndi barnsins?		



Hvaða væntingar hafið þið til leikskólans?

Hefur barnið farið í 18 mánaða skoðun?	Hefur barnið farið í allar bólusetningar?
Hefur barnið fengið hitakrampa?	Hefur barnið farið í heyrna- sjónmælingu?
Er barnið með ofnæmi? Ef já, þá fyrir hverju?	
Hverjar eru matarvenjur barnsins?	
Notar barnið bleyju?	Notar barnið snuð og eða mjúk dýr?
Finnst þér málþroski barnsins vera eðlilegur (hjal-babl-orð)	
Finnst þér orðaforði barnsins vera aldurssamsvarandi?	
Er barnið farið að tengja saman orð?	Réttir barnið hluti samkvæmt beiðni?
Fer barnið eftir einföldum fyrirmælum?	Sýnir barnið áhuga á umhverfinu?
Sýnir barnið áhuga á fólki og spennandi dóti?	Á barnið auðvelt með augnsamband?
Bregst barnið við nafninu sínu?	Sýnir barnið þörf fyrir boðskipti?



Leikur barnið sér með dót?	Sýnir barnið áhuga á öðrum börnum?
Hefur barnið áhuga á bókum?	Finnst barninu gaman að láta lesa fyrir sig?
Getur barnið nefnt hluti á myndum?	Hefur málþróun stoppað á einhverjum tíma?
Hefur barnið sýnt erfiða hegðun?	
Hefur greinst málproskafrávik eða lestrarörðugleikar í fjölskyldunni?	
Hefur greinst lesblinda í fjölskyldunni?	
Hefur greinst ADHD eða aðrar taugaraskanir í fjölskyldunni?	
Er barnið fætt á Íslandi?	Hvert er móðurmál barnsins?
Ef önnur tungumál eru töluð á heimilinu, hvaða?	
Annað sem foreldrar vilja taka fram:	



2. Þátttökuaðlögun

Komið sælir foreldrar og velkomin með börnin ykkar á Dvergheima!

Tíminn flýgur áfram og áður en þið vitið af er barnið ykkar í aðlögun á leikskólanum. Aðlöguninni er skipt í 4 holl og hér fyrir neðan sjáið þið hvenær ykkar barn byrjar í aðlögun.

15.-17.ágúst 22.-24.ágúst 29.-31.ágúst 4.-6.september

Hver aðlögun er í 3 daga frá kl.9:30-14 ca.

Bið ykkur að lesa viðhengið um þátttökuaðlögunina og kynna ykkur hvernig hún fer fram. Einnig eru fleiri hagnýtar upplýsingar um starfið okkar á deildinni í viðhengjum.

Það sem þið þurfið að koma með fyrir barnið í leikskólann eru þessir hlutir:

Teppi/sæng og koddur fyrir hvíld	Bleyjur Bossakrem Blautklútar	Aukaföt geymd í leikskólanum	Stútkönnu til að hafa inni á deild	Snuð fyrir þá sem nota
---	--------------------------------------	-------------------------------------	---	-------------------------------

Mjög mikilvægt er að merkja alla hluti og fatnað barnanna, því margir eiga eins!

Ef það eru einhverjar spurningar þá endilega hafið samband!

Hlökkum til að hitta ykkur og eigið dásamlegt sumar! :)



3. Samverustund

Morgunsamverustund

Farið yfir boðskiptareglur Bínu

Farið yfir myndrænt skipulag

Farið yfir hvaða viku- og mánaðardagur er, sem og mánuðurinn

Veðurfræðingur valinn sem fer yfir veðrið og klæðnað

Borðþjónar valdir sem leggja svo á borð fyrir hádegismat

4. Flokkun málörvunarefnisins

	<p>Setningar-blár</p> <p>Setningauppbýgging byggir á málfræðireglum sem segja til um hvernig orð eiga að raðast upp í setningar. Þetta eru verkefni eða spil sem æfa setninga myndun t.d frásögn og sögugerð.</p> <p>Markmið: Kenna nemandanum að tengja saman orð í mismunandi langar setningar</p>
	<p>Málfræði- hvítur</p> <p>Málfræði er samansafn af reglum sem einkenna hefðbundna málnotkun. Málfræði byggir á helstu málfræðireglunum. Eintölu og fleirtölu, sögnum, nútíð og þátíð, persónufornöfn (hann, hún, það, þau) eignarfornöfn(hans,hennar, þeirra), fallbeygingar.</p> <p>Að kenna nemandanum að tala í málfræðilega réttum setningum styrkjum við málfræðivitund hans.</p>
	<p>Hlustun-grænn</p> <p>Að geta staldrað við, hlustað eftir og einbeitt sér að því að túlka umhverfshljóð og talmál.</p> <p>Hlustun er undirstaða málskilnings, máltjáningar og viðeigandi boðskipta. (Tölum saman bls.11)</p> <p>Hlusta-Muna-Gera</p>
	<p>Hljóðkerfi og framburður-svartur</p> <p>Hljóðkerfisvitund er hæfileikinn til að geta hugsað og talað um máhljóð og hljóðkerfi málsins. Hér má t.d. nefna að geta klappað atkvæði, rímað og fundið fyrsta hljóð orða.</p> <p>Með því að styrkja hljóðkerfisvitund undirbúum við börnin sem best fyrir lestrarnámið.</p> <p>Það sem felst í hljóðkerfisvitun er:</p> <ul style="list-style-type: none">• Rím• Sundurgreining setninga í orð• Sundurgreining orða í atkvæði• Hljóðgreining<ul style="list-style-type: none">○ Að finna fyrsta hljóð í orði○ Að finna síðasta hljóð í orði• Hljóðflokkun (flokka saman orð eftir sama upphafshljóði)• Orðhlutaeyðing (taka sundur orð og setja saman orð)• Sundurgreining orða í hljóð.• Hljóðtenging



	<ul style="list-style-type: none">• Stafir og hljóð.
	<p>Orðaforði- gular</p> <p>Orðaforði er öll þau orð sem við notum í tungumálinu til þess að sýna hugtakabekkingu. Orðaforði er safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu, honum má skipta í virkan orðaforða og óvirkan.</p> <p>Markmið: Að auka orðaforða nemandans og kenna honum virka orðanotkun.</p>
	<p>Málskilningur-rauður</p> <p>Skilningur á orðum og setningum tungumáls, töluðum og rituðum texta.</p>
	<p>Stærðfræði</p> <p>Tölur (samlagning-frádráttur-tölur) og form.</p> <p>Hugtök tengd formum og talnagildum.</p>
	<p>Litir</p> <p>Allir litir</p> <p>Hugtök tengd litarheitum</p>



5. Leyniherbergið

Leyniherbergið

Barnið boðið velkomið

Farið yfir skipulag tímans með myndum og táknum

Farið yfir boðskiptareglur Bínu

Lesin saga sem hæfir aldri og getu barnsins

Málörvandi verkefni sem reyna á tjáningu


Málörvandi verkefni sem reyna á skilning

Verðlaun



6. Heilsugæslan

Ung- og smábarnaeftirlit Heilsugæslunnar eftir 12 mánaða





7. Efi-2 málþroskapróf

Efi-2

Málþroskapróf fyrir börn á fjórða ári

Eðlileg niðurstaða

Frávik

Samtal við foreldra,
fræðsla og úrræði

Barnið fer í auka
málörvunarstundir

Endurmetið eftir 3
mánuði

Ef niðurstaða er enn
sú sama er umsókn
send á
talmeinafræðing



8. Hljóm- 2

Hljóm – 2

5 ára börn september/október

Góð eða meðalgóð
færni

Slök og mjög slök færni

Foreldrar fá niðurstöður

Foreldrar fá niðurstöður

Áfram unnið með þættina
í leiksólastarfinu

Foreldrar fá leiðbeiningar
hvernig er hægt að vinna
með þættina heima

Barnið fær auka málörvun
eitt eða í hóp

Áfram unnið með þættina
í leiksólastarfinu



9. Skilablað til foreldra vegna Hljóm-2

HLJÓM-2



Nafn barns:

Fæðingardagur:

Deild:

Prófandi:

Dagsetning fyrirlagnar:

Skimunarprófið HLJÓM-2 er lagt fyrir elsta aldurshópinn í leikskólum Kópavogs að hausti. Fyrirlögnin tekur u.þ.b. 20-30 mínútur fyrir hvert barn.

HLJÓM-2 er staðlað íslenskt próftæki sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) elstu barna leikskólans. Prófið er eftir Ingibjörgu Símonardóttur og Jóhönnu Einarsdóttur talmeinafræðinga og dr. Amalíu Björnsdóttur dósent. Prófið er í leikjaformi og er m.a. kannað hvernig barninu gengur að ríma, skipta orðum í atkvæði, setja saman og taka í sundur orð og greina hljóð í orði. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi, er heimilt að leggja prófið fyrir.

Niðurstöður prófsins gefa marktækar vísbindingar um áhættu varðandi lestrarörðuleika og eru því mikilvægar fyrir markvissa vinnu á lokaári barnanna í leikskólanum.

Niðurstöður

	Mjög slök færni	Slök færni	Meðalfærni	Góð færni
Rím				
Samstöfur				
Samsett orð				
Hljóðgreining				
Margræð orð				
Orðhlutaeyðing				
Hljóðtenging				
Samtala				

Rím, samsett orð og hljóðgreining hafa mest forspárgildi um gengi lestrarnáms í 1. bekk en samsett orð, rím og orðhlutaeyðing hafa mest forspárgildi fyrir lestur í 2. bekk.



Rannsóknir sýna að þau börn sem lesið er fyrir daglega ná marktækt betri árangri í lestri en þau sem sjaldnar er lesið fyrir.

Gögn sem við vinnum með í málörvun í Sólhvörfum

Ljáðu mér eyra. Höf: Ásthildur Bj. Snorradóttir og Valdís B. Guðjónsdóttir

Tölum saman. Höf: Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjarney Sigurðardóttir

Sól: Íslensk þýðing: Margrét Tryggvadóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir

Markviss málörvun – þjálfun hljóðkerfisvitundar. Höf: Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir

Lubbi finnur málbein: Höf: Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir

Ef foreldrar hafa einhverjar spurningar er sjálfsagt að hafa samband við undirritaða hér í leikskólanum, í síma eða með netpósti.

Nafn þess sem leggur fyrir

Starfstíll

Netfang

S. 441 7700



10. Upplýsingar fyrir foreldra vegna Hljóm-2

Upplýsingar um þættina sjö í HLJÓM-2

Áður en farið er í hvern þátt í HLJÓM-2 í fyrirlögn útskýrir prófandi með dæmum hvað eigi að gera og farið er í nokkur æfingadæmi með barninu. Hér á eftir er útskýrt nánar hvað felst í hverjum þætti og hvernig hægt er að ýta undir færni barnsins með auðveldum hætti.

Rím

Barnið á að benda á mynd sem rímar við orðið sem prófandi nefnir. Hér er ekki þörf á að barnið segi orðið heldur nægir að benda á rétta mynd.

Hægt er að nýta ýmis tækifæri til að ríma með barninu og skiptir ekki máli hvort við notum raunveruleg orð eða bullorð. Hægt er að spyrja barnið spurninga á borð við „Hvað er uppi á höfðinu þínu sem rímar við sár?“ „Ari er smár en Óli er...? klár, hár“ o.s.frv. Í bílnum er svo hægt að finna orð sem ríma við það sem við sjáum í umhverfinu; hvað rímar við orðið bíll?

Klappa atkvæði í orðum (samstöfur)

Í þessum þætti á barnið að klappa atkvæði í orðum. Dæmi: „Nú skulum við klappa taktinn í orðinu skæri“

Til að æfa þennan þátt er t.d. hægt að finna orð yfir hluti í umhverfinu og „klappa“ þá; hvernig klappar maður orðið húspak? Barn og foreldri geta valið sér orð og klappað til skiptis.

Samsett orð

Barnið á að setja saman tvö orð og búa til úr þeim eitt orð. Dæmi: „Hvaða orð býrðu til ef þú setur saman... snjór + karl?“ Útskýrt er sjónrænt hvernig þetta er gert með því að nota tvo kubba sem smellt er saman.

Með því að ræða það við barnið að hægt sé að leika sér á þennan hátt með orð fáum við það til að velja innihaldi orða fyrir sér. Dæmi: Af hverju heitir sandkassi sandkassi? Af hverju heitir leikskóli leikskóli? Góður tími til að æfa þetta er t.d. þegar lesið er fyrir barnið, í bílnum, við matarborðið. Finna einhver tvö orð og spyrja barnið hvort það geti búið til úr þeim eitt orð. Gott er að nota tvo Lego kubba til að útskýra. Fyrst eru þeir í sitthvorri hendinni en er svo smellt saman þegar eitt orð verður til úr tveimur.

Hljóðgreining

Hér erum við að vinna með það hvað stafirnir „segja“. Dæmi: heyrist /m/ í mús? Heyrist /t/ í mús?

Æfa hvað stafirnir segja, þetta er hægt að gera þegar verið er að lesa, t.d. „sjáðu þennan staf, veistu hvað hann segir?“ Segja svo hljóðið fyrir barnið og með barninu.



Margræð orð

Barninu eru sýndar myndir af fjórum hlutum og það beðið um að benda á tvær myndir sem nota sama orðið þótt þær tákni mismunandi hluti. Dæmi: „Sjáðu, á þessum myndum eru pera, belti, pakki og ljósa-pera. Hvaða tvær myndir nota sama orðið þótt þær tákni mismunandi hluti?“

Hægt er að þjálf þessa færni með orðaleikjum. Dæmi: „Ég er dýr sem heiti alveg eins og hluturinn sem maður ýtir á til að komast inn í hús (bjalla)“. Líka hægt að nefna orð, t.d. vasi, og spyrja barnið hvort það þekki einhvern annan hlut sem heitir líka vasi.

Orðhlutaeyðing

Í fyrri æfingu (samsett orð) á barnið að setja saman tvö orð og búa til eitt orð úr þeim. Í orðhlutaeyðingu eru orð tekin í sundur og barnið spurt hvaða orð standi eftir. Dæmi: „Hvaða orð verður eftir ef þú tekur rúm burt af rúmteppi?“ Sömu kubbar eru notaðir og í samsett orð og barninu sýnt með kubbunum hvernig orðið er tekið burt.

Hægt er að þjálf þennan þátt með því að nota sjónrænar tengingar eins og kubba eða myndir. Það auðveldar barninu að skilja hvernig orðin eru aðskilin. Gæta þarf þess þá að kubburinn eða myndin sem tákna fyrri hluta séu réttu megin miðað við lesátt. Dæmi: „Hvaða orð verður eftir ef þú tekur burt snjór af snjóhús?“

Hljóðtenging

Í þessum þætti á barnið að greina hljóð í orði. Prófandi segir aðeins hljóð stafanna. Dæmi: /ú/-/t/-/i/ = úti.

Þegar hljóðtenging er æfð með barninu er gott að ýkja hljóðin. Áhersla er lögð á hvað stafirnir „segja“ en ekki hvað þeir heita. Hljóðin í orðinu eru sögð með u.þ.b. 1.sekúndu bili og barnið giskar á hvað verið er að segja. Dæmi: /j/-/ó/-/l/ = jól.



11. Tras verkefnakassi

*Tras – Verkefnakassi

Samleikur - félagsfærni
Aldur 2 - 3 ára
<ol style="list-style-type: none">1. Athugun á barni í leik2. Þjóða barni að ganga frá leikefni, leggja á borð osfrv.3. Athugun í daglega starfinu
Aldur 3 - 4 ára
<ol style="list-style-type: none">1. Dæmi um leiki: Hver er undir teppinu (1A), töfrateppið (1B), spil2. Athugun á barni í leik3. Láta barn herma eftir hreyfingum kennara (snerta nef, hoppa oþh.)
Aldur 4 - 5 ára
<ol style="list-style-type: none">1. Athugun á barni í leik2. Athugun á barni í leik3. Athugun á barni í leik

Tjáskipti - Samskipti
Aldur 2 - 3 ára
<ol style="list-style-type: none">1. Í daglegum samskiptum við barnið2. Í daglegum samskiptum við barnið3. Samvera með barninu
Aldur 3 - 4 ára
<ol style="list-style-type: none">1. Í daglegum samskiptum við barnið2. Samvera með barninu3. Í daglegum samskiptum við barnið
Aldur 4 - 5 ára
<ol style="list-style-type: none">4. Í daglegum samskiptum við barnið5. Í daglegum samskiptum við barnið6. Dæmi um vísur: Fagur fiskur (2A), Þumalfinger (2B), Höfuð, herðar (2C)



Athygli - Einbeiting

Aldur 2 - 3 ára

1. Í daglega starfinu t.d. púsla, mála, kubba
2. Í daglega starfinu t.d. púsla, mála, kubba
3. Lesa bók fyrir barnið

Aldur 3 - 4 ára

1. Í daglega starfinu
2. Í daglega starfinu
3. Í daglega starfinu en einnig hægt að fara í leiki (1A) og (1B)

Aldur 4 - 5 ára

1. Í daglega starfinu
2. Athugun á barni í leik
3. Athugun á barni í leik

Málskilningur

Aldur 2 - 3 ára

1. Dæmi: bíll, dúkka, bók, stóll oþh.
2. Dæmi: settu bílinn/kubbinn ofan í kassann
3. Dæmi: með hverju drekkum við? Skál (3C), bolli (3D) eða trékubbur (3E)

Aldur 3 - 4 ára

1. Nefna dýrin, nafn eða hljóð (3F)
2. Dæmi: settu kubbinn í kassann, kisuna ofan á trékubbinn oþh.
3. Nefna/benda á litina (3G)

Aldur 4 - 5 ára

1. Hvaða kubbur er minnstur? Hvaða kubbur er stærstur?
2. Réttu mér kubbinn sem er ekki grænn
3. Hvað er bók? Hvað er bíll?



Málvitund
Aldur 2 - 3 ára
<ol style="list-style-type: none">1. Skoða saman bók og kanna áhuga2. T.d fagur fiskur (2A)3. Athugun í samverustund
Aldur 3 - 4 ára
<ol style="list-style-type: none">1. Nota lag eða vísu sem oft er farið í og barnið ætti að þekkja2. Prófa að ríma með barninu, notast við myndir „diskur – fiskur“3. Dæmi: bíll – fíll, Mús – hús
Aldur 4 - 5 ára
<ol style="list-style-type: none">1. Ekki notast við myndir heldur spyrja. „Hvað rímar við hús?“2. Hvað er fyrsta hljóðið/stafurinn í „mús“. Róla, tennur, fiðrildi osfrv.3. Getur barnið skrifað nafnið sitt

Framburður
Aldur 2 - 3 ára
